

GUÐRÚN ÁSA GRÍMSDÓTTIR

ÚR TYRKJAVELDI OG BRÉFABÓKUM

Ókennd þjóð úr öðrum löndum
útbúin með vopnin þrenn
grípa féð með grimmum höndum
og ganga yfir landsins menn
varnarlausir vér því stöndum
víst í fári allir senn.¹

I. Sögulegt ágríp

Á 16. ÖLD náði hið víðlenda ríki Tyrkjasoldáns, sem sat í Istanbúl, yfir Litlu-Asíu og Balkanskaga, löndin sunnan Dónár allt að Belgrad, ennfremur um stóran hluta Ungverjaland, Transilvaníu, Moldavíu og Valakíu og fleiri héruð við Svartahaf og á Krímskaga; ennfremur réði soldán fyrir löndum fyrir botni Miðjarðarhafs og við Rauðahaf og Persaflóa og héruð á norðurströnd Afríku allt að Marokkó voru á valdi hans. Ríki Tyrkjasoldáns var algert einveldi, grundvallað á vinnuafli ánaudugra og víðfeðmu skattgreiðslukerfi sem stóð undir herkostnaði sem leiddi af stöðugum landvinningum í heilögu stríði þar sem hið sigraða fólk var unnvörpum tekið til fanga og gert að ánaudugu vinnuafli væri það annarrar trúar en múhamedstrúar. Riddaraliði og sjóher var haldið uppi með því að hermönnum var úthlutað ákveðnum héruðum að léni í nýunnu landi sem bændur ræktuðu áfram, en ákveðinn hluti jarðarágóðans fór til uppihalds hermönnum úr hverju héraði. Ánaudugum var haldið í hermannastétt, þeir sátu undir árum á galeiðum og sterkasta herlið soldáns voru janitsjarar, sem voru af kristnum uppruna, en hafði verið smalað saman ungum drengjum í Evrópu, Balkanlöndum, Grikklandi og Ungverjalandi af útsendurum úr soldáns höll, teknir frá foreldrum sínum og aldir upp og þjálfaðir til þess að verða fótgönguliðar í her hans.

¹ Úr kvæðinu: Árgalinn ortur af síra Ólafi Einarssyni 1627, prentað í: *Ein lijtíl Psalma og Visna Book*. [Útg. Hálfan Einarsson], Hólum 1757, II F⁷-G².

Verkafólk í Tyrkjaveldi var flest hertekið fólk í ánauð og vann einkum í borgum, til að mynda við vefnað í Bursa í Litlu-Asfu sem var mikilvægasta verslunarborg Tyrkjaveldis og hlið viðskipta milli austurs og vesturs. Lög múhameðstrúarmanna um þrælahald voru upphaflega sótt í Gamla Testamentið og fornlög Grikkja og Rómverja, en urðu að mörgu leyti sveigjanlegri en fyrirmyndirnar sem fram kemur í því að í hinum vestræna kristna heimi varð ekki undan þrældómi komist nema með flótta, uppreisn eða sjálfstortímingu eins og skýr dæmi eru um af sykurekrum Dana í Vestur-Indíum á 17. og 18. öld. Herteknu fólki í Tyrkjaveldi gafst hinsvegar kostur á að kaupa sig úr ánauð fyrir ákveðið vinnuframlag eða fé enda litið svo á samkvæmt lögum múhameðstrúarmanna að frelsi sé grundvallarþáttur mannlífs en ánauð hræranlegt ástand; hinir ánauðugu þar lifðu því ávallt í von um frelsi og fengu það stundum af réttlátum húsbændum óumbeðið.² Þar sem ein undirstaða Tyrkjaveldis var ánauðugt vinnuafli var þar tryggur markaður á lifandi fólki; ein heimild greinir að á seytjándu öld hafi 20.000 herteknir komið árlega til Istanbúl einnar.³

Veldi Tyrkja hnignaði eftir 1590, skipulagðar herbækistöðvar þeirra í borgum og þorpum féllu í niðurníðslu, aðalvopn þeirra voru þá enn bogi og örvar og bjúgsverð sem ekki stóðust gegn púðri óvina; efnahagskreppa steðjaði að ríki soldáns, óvinaherir sóttu að og í andlegri menningu var ekki leitað endurnýjunar eða útsjónar útfyrir landamæri soldáns, en hámenning Tyrkjaríkis var hallarmenning bundin við Istanbúl þar sem voru hópar skapandi lærdóms- og listamanna sem voru ánauðugir, en dreifðust að boði síns herra eftir hæfilega hallarvist um hið víðlenda ríki. Hersveitir janitsjara, sem upphaflega voru sendar til eftirlits í borgum í úthéruðum, tóku með tímanum völdin hver á sínum stað og gerðust yfirstétt í borgunum og rökuðu að sér auði með skattlagningu og fríðindum, en janitsjarar voru sjálfir skattfrjálsir. Miðstjórnarvaldið í höll soldáns í Istanbúl missti því tókin á úthéruðum og gildi það ekki síst um héruðin í Norður-Afríku.

Par, á útjaðri ríkisins í vestri, er Alsír þar sem grísku bræðurnir

² Halil Inalcik. *The Ottoman Empire. The Classical Age 1300–1600*. London 1973, 87–88, 121–125, 160; Christopher Lloyd. *English Corsairs on the Barbary Coast*. London 1981, 112; Murray Gordon. *Slavery in the Arab World*. New York 1989, 38–39, 41. Sbr. *The Quran*. Ensiklopíð. Muhammad Zafrulla Khan. London 1981, 2: 178, 90: 14.

³ Halil Inalcik. *The Ottoman Empire*, 78.

Barbarossa, 'Aruj og Kheyr-ed-din frá Lesbos, settust að 1516 og komu undir vernd Tyrkjasoldáns 1518 og hélst svo fram um 1830 að Frakkar tóku þar ráðin. Kheyr-ed-din lét gera Alsírborg trausta höfn með hafnargarði og lagði með því grundvöll að alþjóðlegri hafnarborg sem síðan blómgaðist af löglegri verslun jafnt og ránsferðum víkinga. Eftir 1600 laut Alsír undir landstjórn janitsjara og var að miklu leyti óháð miðstjórnarvaldinu í Ístanbul. Meginuppistaða flota Tyrkjaveldis voru sjóræningjaskip frá norðurströndum Afríku allt frá því á tíð Barbarossa-bræðra, og í hvert sinn sem soldán lagði til orrustu í hafi sameinuðust þau flota hans; í sjóorrustunni miklu við Lepanto 1571 voru einu skipin úr tyrkneska flotanum sem komust undan sigurvegaranum, hinum kristna flota, fjörutíu skip landstjórans í Alsír.⁴ Fram undir 1600 voru skipin í flota Tyrkja galeiður sem róið var af þrælum aðallega um innhöf þar sem seglum var lítið beitt.

Sjórán voru stunduð frá alda öðli á Miðjarðarhafssvæðinu og koma fyrir í skáldskap þess, í kviðum Hómers, sögum Boccaccios og *Don Quixote* eftir Cervantes; andi sjóvíkinga lifir sannarlega enn á þessu svæði sem lesa má af æskuminningum Mohamed Choukri sem hann skrifaði árið 1972 undir heitinu *Le pain nu*.⁵ Á sextánda öld voru sjórán atvinnuvegur fjölda manna á þessu svæði sem voru af ólíku þjóðerni, stéttum og trúarbrögðum; þessi atvinnuvegur laut eigin lögmálum, skilmálum, siðum og venjum en þeir sem hann stunduðu voru á útjaðri mannlegs samfélags. Af borgum á kristnum svæðum þar sem sjórán voru atvinnuvegur má nefna Leghorn, Písa, Napolí, Messína, Palermo, Möltu, Palma de Mallorca; og á svæði múslima voru Valona, Trípolí, og Sale, en æðst og auðugust borga þar sem sjóræningjar áttu heimahöfn var Alsír í Norður-Afríku.⁶

Í upphafi sextánda aldar var Alsír borg Berba og Andalúsíumanna, en varð á tímabilinu 1560–1620 höfuðborg sjóræningja og íbúarnir af blendnu þjóðerni; þar voru kristnir, múslimar, Gyðingar og um og eftir 1600 fluttust þangað menn að norðan, Englendingar og Hollendingar, og fluttu með sér púður og byssur og nýja tækni í skipasmíðum og sigl-

⁴ Carl Brockelmann. *History of the Islamic Peoples*. London 1959, 328.

⁵ Halldór B. Runólfsson íslenskaði bókina og nefndi *Á brauði einu saman*, Rvk. 1983.

⁶ Fernand Braudel. *The Mediterranean and the Mediterranean World in the Age of Philip II*. London, New York 1973 II, 869–878.

ingum sem skipti sköpum fyrir velgengni Alsírborgar. Frá upphafi seytjándu aldar tileinkuðu sæfarar hennar sér nýja tækni þar sem megináhersla var lögð á sterkbyggð seglskip reiðubúin til úthafssiglinga; þessvegna gátu Alsírbúar nú siglt út og inn um Gíbraltarsund. Sagt er að Símon dansari (Simon Simonsen), sjóræningi frá Dordrecht sem sigldi gegnum Gíbraltarsund 1601 á sterkbyggðu skipi sínu, byggðu í Lübeck, hafi kennt Alsírbúum listina að sigla gegnum þetta sund og byggja skip sem fær voru til úthafssiglinga.⁷ Eftir 1600 tóku seglskip við af galeiðum frá Alsír og sjóvíkingum opnaðist leið útá Atlantshafið til fanga og gjörvallt borgarlífið hvíldi á herfangi sem sjóránin skiluðu. Borgin sjálf var vel skipulögð og umfram allt hreinleg, enda baðaði fólk sig reglulega. Hertekið fólk var selt á markaðstorgum og gert að mansfólki sem vann dagleg störf; hreinsaði strætin, spann, bar vatn í hús og þjónaði hinum frjálsu til borðs og sængur og baðs. Mansfólkið hafðist flest við í „bago“ eða húspörpum, sem gætt var af hermönnum, og hafði aðgang að kapellu og spítala, sérhver ánaðarmaður í húsaþorpunum var með járnhring um hægri ökla og fæddist við brauðhleif, krús af vínsýru og kúskús. Hið ánaðuga fólk var af mörgum þjóðernum; flæmska sæfaranum Emanuel d'Aranda, sem var fangi í Alsír í þrjú ár, þótti vistin þar jafngilda háskólanámi í því að læra að lifa í veröldinni.⁸ Portúgalskur fangi hafði þá sögu að segja að 1621–1627 hafi verið tuttugu þúsund herteknir í Alsír, helmingur þeirra að uppruna kristnir menn; portúgalskir, flæmskir, skoskir, ungverskir, danskir, írskir, slavneskir, franskir, spænskir og ítalskir, hinn helmingurinn var af öðru þjóðerni og öðrum trúflokkum, frá Sýrlandi, Egyptalandi, Eþíópíu og jafnvel einhverjir frá Japan og Kína, komnir frá Spáni úr nýja heiminum, og svipaða sögu um mannmergðina hafði Guttormur Hallsson frá Búlandsnesi að segja þegar hann skrifaði heim til Íslands í leyndum stað í Alsírborg í nóvember árið 1631.⁹ Um 1630 voru um 100.000 íbúar í Alsír og af þeim töldust 15.000 til hertekinna í ánað.¹⁰

⁷ Fernand Braudel. *The Mediterranean* I, 19–20; II, 884–886; Lloyd. *English Corsairs on the Barbary Coast*. London 1981, 54.

⁸ Lloyd. *English Corsairs*, 115–116.

⁹ F. Braudel. *The Mediterranean* II, 885; *Tyrkjaránið á Íslandi 1627* (Sögurit IV). Útg. Jón Þorkelsson. Rvk. 1906–1909, 389.

¹⁰ Lloyd. *English Corsairs*, 30.

II. Sunnan úr Alsír til Íslands

Vani sjóvíkinga frá Alsír var að sigla í flotum og vorið 1627 komu að Íslandi fjögur skip þaðan að sunnan. Skipkoman er kölluð Tyrkjaránið í íslenskum heimildum. Eitt skipanna lagði að landi við Grindavík nærri Jónsmessu, önnur tvö sigldu til Austfjarða og þrjú skip komu til Vestmannaeyja um miðjan júlí. Sjóræningjarnir að sunnan gerðu strandhögg á þessum stöðum á Íslandi með líkum hætti og tíðkuð höfðu verið lengi í ránsferðum við Miðjarðarhaf. Þeir skemmdu og hertóku fólk og fé, nær 400 manns tóku þeir í skip sín, þar af 242 úr Vestmannaeyjum,¹¹ og sigldu burt með herfang sitt og seldu fólkíð í ánaud, flest í Alsír en einnig í Sale í Marokkó.¹² Flestir hinna herteknu voru Íslendingar, en einnig Danir sem teknir voru á kaupskipum og verslunarstöðum landsins.

Fáeinir hinna herteknu komu aftur til Íslands 1628 eða síðar, meðal þeirra var síra Ólafur Egilsson sem sendur var burt úr Barbarínu til þess að ná í fé af kóngi sínum, Kristjáni fjórða, til þess að borga út konu sína og börn, og hinir herteknu Íslendingar sem eftir sátu væntu þess að kóngurinn léti frelsa þá fyrir árnað síra Ólafs.¹³ Í kristnum ríkjum var þegar um 1200 starfað að endurlausn kristinna manna sem herteknir voru í ríkjum Tyrkjasoldáns og settar voru á fót stofnanir sem lögðu fram ráð og fé þeim til lausnar; á Ítalíu stofnsetti Gregoríus XIII páfi Opera Pia della Redenzione de' Schiavi árið 1581, aðrar slíkar stofnanir eða reglur voru t.d. á Spáni, í Frakklandi og í Hamborg.¹⁴ Ríkir menn keyptu sjálfir frelsi sitt,¹⁵ en safna varð fé til lausnar öðr-

¹¹ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 366.

¹² Skipið sem rændi í Grindavík mun hafa selt afla sinn í Sale, reyndar nefna sumar íslenskar heimildir í hennar stað Chyle eða Kyle sem er óþekkt borgarnafn á þessum slóðum, en Sale var kunn sjóræningjaborg, sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 374–375, sbr. 2, 223, 230, 231, 269; Braudel. *The Mediterranean II*, 860, 870, 971.

¹³ *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson sá um útgáfuna. Rvk. 1969, 72; *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 158, 374.

¹⁴ F. Braudel. *The Mediterranean II*, 887–888; Lloyd. *English Corsairs*, 120–124.

¹⁵ Einar Loftsson keypti sér frelsi fyrir eigið erfiði hjá Tyrkjum með því að brenna brennivín og gera þrjónahúfur, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 286, en af Íslendingum sem keyptu sér frelsi fyrir eigið fé eða ættingja sinna á Íslandi er einungis vitað um Benedikt Pálsson bartsкера í Hamborg, sonarson Guðbrands biskups Þorlákssonar, en hann var meðal þeirra sem herteknir voru þegar tekin voru þrjú Hamborgarskip 1633. Honum var sent fé af Íslandi til útlausnar og kom aftur 1636, sjá *Biskupa sögur II*. Kh. 1878, 701;

um, enn aðrir komust undan á flóttu, en margar þrautir varð að leysa áður en fangi eða hertekinn maður í Tyrkjaveldi varð frjáls.¹⁶ Árið 1636 voru um 37 Íslendingar keyptir úr ánauð fyrir fé sem hafði safnast að boði Kristjáns konungs fjórða með tillögum almúga á Íslandi í fiskvirði og vettlingavirði. Lausnargjaldið jafngilti um 4.000 kýrverðum og komust 27 Íslendingar heilu og höldnu til Íslands 1637.¹⁷ Þá voru margir hinna eldri af þeim herteknu dánir, en yngra fólkið sem eftir varð hefir líklega flest látið turnast og tekið upp nýja lífshætti í Tyrkjaveldi og horfið með því nafnlaust úr íslenskum ættartölum.¹⁸ Í minnisgrein í handritinu Sth. papp. 25 8vo, bl. 124v, sem skrifuð er af eyfirskum manni, Halldóri Guðmundssyni, um miðja 17. öld, er eftirfarandi yfirlit yfir hve mörgum var rænt, hve margir drepnir, hve margir létu turnast og hve margir komu aftur, en greinin hefir eflaust orðið til upphaflega þegar safnað var fé hérlandis til endurlausnar hinum herteknu.¹⁹

Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 288; *Sýslumannaæfir* eptir Boga Benediktsson með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson. I Rvk. 1881–1884, 536–537.

¹⁶ Á 17. öld voru gefnar út á prenti lýsingar hertekinna manna sem losnuðu úr fangelsi eða ánauð í Tyrkjaveldi; nefna má Johann Wild frá Nürnberg sem skrifaði *Neue Reysbeschreibung eines Gefangenen Christen... Anno 1604 angefangen und 1611 ihr end genommen...*, Nürnberg 1613, önnur útg. kom 1623. (Eftir frumútg. er útg. Karl Teply, Stuttgart 1964 í ritröðinni Bibliothek Klassischer Reiseberichte.) Eftir J. B. Gramaye sem haldinn var fangi í Alsír í sex mánuði er ritið *Africae illustratae libri decem in quibus Barbaria gentesque ejus ut olim et nunc describuntur etc.* Tournoi 1622. Klerkurinn Pierre Dan fór í leiðangur til Alsír 1634 til þess að leysa hertekið fólk úr ánauð og skrifaði *Histoire de Barbarie et de ses Corsaires* (1637). Önnur útg. París 1649. Einnig má hér nefna rit eftir William Okeley, enskan sæfara sem var þrjú ár fangi í Alsír en flúði og skráði *Ebenezer, or a small Monument of great Mercy appearing in the deliverance of William Okeley, William Adams, John Anthony, John Jeps and John the Carpenter.* Útg. 1671. Hinn flæmski Emanuel d'Aranda sem fór frá Alsír 1642 skrifaði síðar *Relation de la Captivité et Liberté du Sieur d'Aranda.* Fyrst útg. 1656. Úr síðastnefnda ritinu er prentaður kafli í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 349–355. Síra Ólafur Egilsson eða þeir sem studdu við bakið á honum hafa eflaust þekkt einhver rit af þessu tagi og það orðið hvatning til þess að hann samdi sína Reisubók.

¹⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 410–411, 412–415, 416–418, 423–428, 431–451; sbr. einnig Sverrir Kristjánsson. Formáli. *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Rvk. 1969, 45 og tilvísanir þar.

¹⁸ Um þá Íslendinga sem létu turnast, sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, bls. 5, 285, 291, 293–294, 299, 318, 353–355, 376, 387.

¹⁹ Grein þessi hefir ekki verið prentuð áður. Um handritið, sjá Jón Helgason og Anne Holtmark. *Háttalykill enn forni* (Bibliotheca Arnarnagæana Vol. I), Kh. 1941, 7–

Til Mijnniz

War suo margt foolk fängad og hertekid ä Jslande ä þuj Aare: 1627 af tijkium huorier komu vr Barbarieno. I Vestmanneyar: Djupa vog og Grijnda Vijk

Ad tólu: iiij hundrad hálf²⁰: kallfölk: kuennmenn: og vngmenne: Hier ad auk: 15 sem i Grijndavijk tekner vóru: Ejrinnn Altafijrde Berufijrði og Reijdarfyrdi: fyrer austann hafa nu suo göder og skilvijser menn fra sagt af þeim sem aptur komu vr Barbarienu Ad J [Acier] af fyrskrif-udu folki hafe turnast: 26: þeir sem fullordner voru kallmenn og konur: Par ad aukj Börn og vngmenne: 64: sem voru fyrer Jnnann 12 ár: til. ij ára: og ad aukj þau iij sem ä framm reýsunne fæddust: og ij sem þar J sialfu landino til komu: enn J Jslande gjetinn

Enn J Vestmanneyum lijflätner: 21 med j Barne

Hafdi af austann fölkino turnast: 18 Vngmenne fyrer Jnnann: 12 ár enn fullordner vj: med eirne konu: Suo og ondudust ij konur ä reijsunne: huórium vt var kastad: vard ónnur eckj vidskila vid sitt foostur: enn ónnur Brädda²¹.

Frásagnir urðu fljótt til um Tyrkjaránið, en mestöllu skrifuðu efni um atburðina safnaði Jón Porkelsson saman og gaf út í ritinu *Tyrkjaránið á Íslandi 1627* (Sögurit IV), Rvk. 1906–1909. Kláus Eyjólfsson lögréttumaður á Hólmum í Rangárþingi skrifaði samsumars um ránið í Vestmannaeyjum.²² Skólapiltar að austan sem voru í Skálholti 1628 tóku þá saman frásögn um atburðina fyrir austan.²³ Síra Ólafur Egilsson á Ofanleiti í Vestmannaeyjum, sem hertekinn var skrifaði Reisu-

12. Um skrifarann, sjá Stefán Karlsson. Halldór Guðmundsson, norðlenzkur maður. *Opuscula* Vol. IV (Bibliotheca Arnarnagæana Vol. XXX). Kh. 1970, 83–107.

²⁰ hundrad hálf: í handriti er hundradstákn skrifað ofan línu og lóðrétt strik í.

²¹ Í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá, sem síðar verður vikið að, er áþekkt yfirlit, ugglaut byggt á sömu heimild, en í því er ekki getið þeirra tveggja barna sem fædd voru í Barbarínu en getin á Íslandi, þar er talið að 99 hafi turnast og ekki tilferð tala þeirra sem drepnir voru í Vestmannaeyjum, en heildartala þeirra sem drepnir voru á Íslandi sögð 40, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 299.

²² *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 18–90.

²³ Sama rit, 6–17.

bók og segir frá ráninu í Vestmannaeyjum, siglingunni til Alsírborgar, veru sinni þar og afturför til Íslands.²⁴ Björn Jónsson á Skarðsá skrifaði Tyrkjaránssögu árið 1643²⁵, að vísu að áeggjan Þorláks biskups Skúlasonar.²⁶ Á undan Tyrkjaránssögunni sjálfri gerir Björn grein fyrir heimildum sínum; hann fór eftir fyrrnefndum ritum og að auki týndum ritum eftir tvo hertekna menn, þá Halldór Jónsson úr Grindavík og Einar Loptsson úr Vestmannaeyjum, og eftir glötuðu sendibréfi Jóns Jónssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.²⁷ Enn er að nefna stuttan annál sem skrifaður er eftir 1637, en líklega ekki löngu seinna.²⁸ Talsvert er til af bréfum, skjölum og kveðskap og bænum varðandi Tyrkjaránið auk styttri frásagna, örnefna og þjóðsagna sem minna á það og er flest prentað í fyrrnefndu safnríti.²⁹ Í formála þess segir Jón Porkels-

²⁴ Sama rit, 91–203; Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaalðarinnar á Íslandi* IV. Rvk. 1926, 294–303; *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson sá um útgáfuna. Rvk. 1969.

²⁵ Alrangt er það sem segir í *Íslenskri bókmenntasögu* II, Rvk. 1993, 499, að rit Björns á Skarðsá sé elsta rit „um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum“, það á hinsvegar við um áðurnefnt rit Kláusar á Hólmum.

²⁶ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 218. Þorlákur hafði verið staddur hjá Holger Rosenkrantz höfuðsmanni á Bessastöðum þegar sjóræningjaskip steytti á skeri þar undan landi 1627 og ári síðar hitti hann í Kaupmannahöfn hjá doktor Hans Resen síra Ólaf Egilsson nýsloppinn undan ánaud í Alsír, sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, VI, 130. Vera má að þessi atvik hafi átt sinn þátt í að biskup hvatti Björn til að skrá söguna.

²⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 204–299. – Í registri við bréfabók Gísla biskups Oddssonar, AM 246 4to, stendur að á bl. 285 sé bréf Jóns Ásbjarnarsonar úr Tyrkirfinu til föður síns og á bl. 293 sé bréf þeirra bræðra úr Tyrkirfinu, Jóns og Helga Jónssona, en hvorugt bréfið er nú í bókinni en eyða milli bl. 284–301. Úr bréfi Jóns Jónssonar 1633 og bréfi Jóns Ásbjörnssonar er efni í sjötta parti Tyrkjaránssögu eftir Björn á Skarðsá, ef til vill hefir hann fengið bréfin úr bókinni léð til nota við Tyrkjaránssöguna, en á undan sögunni segir hann að efni hafi til sín borist skriflega „eða skynsamlega flutzt“, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 218. Fleiri bréf varðandi Tyrkjaránið eru nefnd í registrum en eru ekki lengur í bréfabókum Gísla (sjá hér á eftir) en erfitt að giska á hvar hafi lent – nema þau hafi brunnið með gögnum sem Árni Magnússon hafði safnað um Tyrkjaránið, sjá Kr. Kálund. *Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling* II. Kh. 1894, XV.

²⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 1–5.

²⁹ Í *Blöndu* II, Rvk. 1921–1923, 350–352 birti Hannes Þorsteinsson að auki bréf Benedikts Halldórssonar til Jóns Arasonar, skrifað á Möðruvöllum 24. ágúst 1627, í því eru tíðindi af Tyrkjaráninu í Vestmannaeyjum og fyrir austan. Sagnaslitur um Tyrkjaránið eru í ritinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* IX, safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon. Útg. Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson. Rvk. 1988, 149–152. Um aðrar þjóðsögur um Tyrkjaránið, sjá tilvísanir í inngangi Jóns Porkelssonar í ofanefndu safnríti, bls. XXXVI, einnig Þorkell Jóhannesson. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. 1938, 37.

son að ekkert sé „undanfelt sem til fróðleiks þótti horfa og fyrir manni hefir orðið af því sem nokkur frásögn eða tíðindi eru í.“³⁰ Jón kembdi handritasöfn, en hefir sneitt hjá bréfum í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar sem varða hjúskaparmál þeirra í Vestmannaeyjum sem misstu maka sinn í herleiðingu suður til Alsír en fram kemur að svo hafi verið um 24 konur og 16 karlmenn.³¹

Hér fer á eftir skrá yfir bréf sem fyrir mér urðu í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar sem snerta að einhverju eftirmál í Vestmannaeyjum eftir Tyrkjaránið. Fyrirsagnir eru að mestu eftir registrum bréfabókanna, en tímasetningum bætt við eftir því sem segir í bréfunum. Stafsetning er samræmd og blaðatölur miðaðar við eldri merkingar í handritunum hér í skránni sem og í tilvísanagreinum:

AM 244 4to

Jaspar Kristjánssons bréf um sín efni 13. júní 1635, bl. 14v–15r. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 421–423.

Vitnisburður Halls Þorsteinssonar og Þorsteins Ormssonar um Önnu Jasparsdóttur í Tyrkirfinu 18. júní 1636, bl. 162r. (Prentað hér aftar.)

Meðkenning Erlends Ásmundssonar um gifting Jóns Oddssonar í Vestmannaeyjum 20. júní 1636, bl. 162v–163r. (Prentað hér aftar.)

Opið bréf til Vestmannaeyja 16. okt 1636, bl. 217v–218v.

AM 245 4to

Prestastefna á Þjóðólfshaga 17. júní 1631, bl. 69r–70r. Fjórða grein, bl. 69v nefnir vandræðin í Vestmannaeyjum.

Um stórmæli á Vestmannaeyjum. 3. júlí 1632, bl. 101r.

Til prestanna á Vestmannaeyjum 23. október 1632, bl. 142v–143r.

Anno 1631. Memoriale. 9. grein, bl. 186v fjallar um þá sem misstu maka í hendur Tyrkjum. (Prentuð hér aftar.)

AM 246 4to

Kláus Eyjólfssyni. Um sakafólk á Vestmannaeyjum, bl. 3r.

Árna lögmanni tilskrifað um toll í Tyrkiríð 22. febrúar 1633, bl. 3v–4v. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 412–415.

³⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, II.

³¹ Sama rit, 337.

Síra Einari Gvöndssyni um hálfkirkju kúgildi. Tyrkjatoll, bl. 5v–6r.

Síra Gísla [Bjarnasyni] á Stað. Um hlut að gefa þeim herteknu. Skv. registri bl. 9, en vantar í bókina.

Til síra Ólafs Egilssonar og Kláusar Eyjólfssonar. Um sakafólk á Vestmannaeyjum anno 1633, bl. 34r–v.

Kláusi Eyjólfssyni. Um giftingar á Vestmannaeyjum, 9. nóvember 1634, bl. 87r–v.

Til Erlends Ásmundssonar. Um aflausrarlausa sakamenn 22. apríl 1634, bl. 153r–v.

Síra Snæbirni Stefánssyni um nauðsynjar í Vestmannaeyjum 25. apríl 1634, bl. 154r.

Bréf til Vestmannaeyja 25. apríl 1634, bl. 155v–157r.

Vestmannaeyja dómur. Um málaferli á Vestmannaeyjum. Skv. registri á bl. 209 en vantar í bókina.

Herra Þorláki tilskrifað. Um fólkið á Vestmannaeyjum 10. nóvember 1634, bl. 232v–233v.

Síra Snæbirni [Stefánssyni]. Um Dals kirkju. Um giftingar í Vestmannaeyjum, vantar framanaf, bl. 256r.

Bréf skrifað í Vestmannaeyjar 19. janúar 1635, bl. 282r–284r.

Bréf Jóns Ásbjarnarsonar úr Tyrkiríinu til síns föðurs. Skv. registri bl. 285 en vantar í bókina. Sbr. *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, XLV, 236, 293.

Bréf þeirra bræðra úr Tyrkiríinu, Jóns og Helga Jónssona. Skv. registri bl. 293 en vantar í bókina. Sbr. *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 208, 220, 289–293.

AM 247 4to

Kláusi Eyjólfssyni tilskrifað um Vestmannaeyjafólk 3. maí 1635, bl. 66r–v.

Bréf til prestanna á Vestmannaeyjum, bl. 70v–71r.

Dómur í Vestmannaeyjum um hreppskil, bl. 72r. (Prentað hér aftar.)

Vitnisburður um einn hertekinn andaðan, bl. 76r. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 418–419.

Bréf um þá sem fara úr sókninni um lýsingartímann 6. apríl 1635, bl. 76r–v.

Vitnisburður síra Ólafs Egilssonar gefinn fátækri konu [Sigríði Sigurðardóttur] 9. apríl 1635, bl. 76v–77r.

Annar [vitnisburður] síra Gísla Þorvarðssonar [gefinn Sigríði Sigurðardóttur] 9. apríl 1635, bl. 77r.

Opið bréf til Vestmannaeyja 31. maí 1635, bl. 101r–103v.

Opið bréf til Vestmannaeyja 12. júlí 1635, bl. 138v–140r.

Bréf Guðríðar Símonardóttur úr Tyrkiríinu bl. 143r–v, vantar aftaná. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 419–421.

Bréf Þorsteins Sveinssonar úr Barbaría. Skv. registri bl. 145a en vantar í bókina.

Nú verður stiklað á fáeinum atriðum sem fram koma í ofanskráðum bréfum, en birtir í heild vitnisburðir sem skera sig úr að heimildargildi, því að í þeim kemur fram hver urðu afdrif nafngreindrar konu úr Vestmannaeyjum, Önnu Jasparsdóttur, en ekki er betur vitað um örlög annarra kvenna sem herteknar voru og komu aldrei aftur.³²

III. Bréf og persónur

Erlendur Ásmundsson var auðmaður, bóndi á Stórólfsbhvoli, hafði um tíma sýsluvöld í Rangárbíngi í umboði Gísla Hákonarsonar og í Árnessþingi í umboði tengdasonar síns, Vigfúsar Gíslasonar.³³ Erlendur þingaði í umboði Gísla lögmanns Hákonarsonar þegar gekk dómur um „það fólk, sem lifir í hneykslanlegum lifnaði og sérdeilis um þá sem hafa orðið að skilja við sínar ektapersónur sem herteknar voru Anno 1627 ... og lízt mönnum það horfa til vandræða, helzt um það, sem ungt og hraust er, en fær ekki að giptast fyrr en það víj ára frest er úti,

³² Sigfús M. Johnsen getur um efni bréfa og vitnisburða um þessi mál í fyrirlestri sem hann flutti í Vestmannaeyjum í júlí 1927 og prentaður var í Reykjavík sama ár undir heitinu *Kláus Eyjólfsson lögsagnari og Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum 300 ára minning*, og fer um þessar heimildir líkum orðum í bók sinni *Saga Vestmannaeyja I*, Rvk. 1946, og birtir þar hrafl úr þeim, 266–268; sbr. Jón Helgason. *Tyrkjaránið*, Rvk. 1983, t.d. 122, 167, 183–184, 215, 225. Báðir þessir höfundar fóru eftir uppskrift Páls Eggerts Ólasonar á bréfabókum Gísla biskups í Lbs. 1645–1646 4to. Sigfús las „höfðingja“ í stað „heiðingja“ (sjá hér aftar s. 24 og 26) og tengdi Önnu Jasparsdóttur við sögn um drottninguna í Algeirsborg. Sú sögn er mér ókunn. Undir heitinu „Drotningin í Algeirsborg“ orti Sigfús Blöndal kvæði og létur drottninguna tala, nefnir hana Ástu Eiríksdóttur, konu Hússein Khodja Dey, sjá Sigfús Blöndal. *Drotningin í Algeirsborg og önnur kvæði*, Rvk. 1917, 7–40.

³³ *Sýslumannaæfir* eptir Boga Benediktsson. Með skýringum og viðaukum eptir Hannes Þorsteinsson. IV Rvk. 1909–1915, 298–299, 526; Einar Bjarnason. *Lögréttumannatal*. Rvk. 1952–1955, 132–133.

sem tilsett er í kongsins Articulis, eða aldrei, þeir, sem allareiðu eru brotlegir orðnir“ segir í minnisbók Odds biskups Einarssonar 1630.³⁴

Hér er vísað til þess sem segir í hjónabandsreglum sem konungurinn, Friðrik II, bauð 1587 að haldast skyldu á Íslandi. Í kafla, sem tilgreinir orsakir þess að ektafólk megi skiljast að, eru ákvæði þess efnis að ef maður fer í stríð eða kaupferðir og verður af þeim sökum lengi í burtu skal húsfreyja bíða hans í að minnsta kosti sjö ár, og ef tryggvitneskja er um að hann hafi verið tekinn til fanga eða för hans hindruð á annan hátt gegn vilja hans, skal húsfreyja bíða hans og ekki gifta sig, en ef vitnisburðir liggja fyrir um að maðurinn sé dauður, annaðhvort í stríði eða hafi andast með öðrum hætti, skuli vitnisburðir þess efnis koma fyrir löglega dómara sem ákveði hvort vitnisburðirnir séu gildir, og jafnframt skal sú persóna sem vill gifta sig á nýjaleik færa fram vitnisburði um að hún hafi hegðað sér vel; að þessu loknu leyfist annar ektaskapur. En sá sem hefir sængað með öðrum skal straffast tilhlýðilega að undangenginni réttarrannsókn í málum sínum.³⁵

Dómurinn sem gekk þegar Erlendur Ásmundsson þingaði og getið er hér að ofan eftir minnisbók Odds biskups Einarssonar er ef til vill sá dómur um hreppskil sem varðveittur er í bréfabók Gísla biskups Oddssonar og er á þessa leið:³⁶

5. júní 1630. Á Vestmannaeyjum að Hvítungum.

Dómur um aðskilnað þeirra sem halda ógiftir saman heimili og fallið hafa í opinberan hórdóm saman.

Anno 1630 þann 5 dag Junij A Uestmanna eyum ad Huijtingum a þijngstad riettum uoru þesser menn ærliger til döms nefnder af Ellende Asmundssini er þa þijngadi efter fouitans Sacharias Gottfredsonar bön og brekan; Oláfur Helgason; Claus Eiolfsson; s: I: Einar; B: Hækonarson; Jaspas Christiansson; Jön Stullason; og Jön Sijgurdsson;

³⁴ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 335. – Erlendur dæmdi einnig í umboði Gísla lögmanns Hákonarsonar Lambeyjardóm 1627 um arfa og umboðstökur eftir þá menn sem líflátnir voru í Vestmannaeyjum eða burt rændir af Tyrkjum, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 360–366.

³⁵ *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve som til Island ere udgivne af De Høist=priselige Konger af den Oldenborgiske Stamme*. 2. Deel. [Útg. Magnús Ketilsson]. Hrappsey 1778, 120.

³⁶ Í athugasemd við *Sýslumannaæfir* IV, 526 er bent á að þetta sé ef til vill sami dómur og nefndur er í minnisbók Odds biskups.

um þessar efterfilgiandi greiner er prestar æ Uestmanna eyum döms æ beiddust; sem er J firstu; huert oss uirdist leifilegt eda lijdanlegt ad þeir menn sem fallid hafa i opinberann hördöm halldi sijnar hördöms konur æ sijnu heimili og hafi þær firer sijnar büstijrur og giori það J forbodi og J möti uilia kennemannanna oc sijns iferuallds huad uier alldeilis afdæmum; enn huer þar æ möti girir J trassi eda forbodi sinna sælusorgara; þa sie kennemennerner skillder ad giora þeim aminningar efter sijnu prestligu embætti ad minsta kosti first einusinni heimugliga þar efter under ij^a ærligra manna uitni; seinast opinberliga af predicunar stólnum enn uilie þau þa ecke adskilia þa sieu þau sett J kirkiunnar bann og afsett sijnum frijheitum; enn það köngdöminum uiduijkur og þeim ueralldlega rette þa sie efter þui sem lange dömur hliödar um þa sem opinberer hafa ordid ad frillu lijfi og hallda sig saman i forbodi; Nu enn framar bædust þeir döms æ huort oss uirtist það fullkominn og næanligur skilnadur sliakra manna æ mille ad þaug eru bædi hier a Uestmannaeyum þar hier er huort heimili odru suo nælægt og oll sueitin so sem ein kirkiu sokn huad oss uirtist möti ordinantiunne, helldur muni annadhuert hliöta til lands ad rijma so framt sem þaug bædi eru ogípt edur þar af stendur nockur hneixlun kristiligre kirkiu.³⁷

Ekki er efamál að það hefir hvatt yfirvöld til þess að gangast fyrir endurlausn hinna herteknu, að einhverjir þeirra sem eftir sátu sviptir maka sínum í Tyrkjans vald leituðu forboðins samlífs; við það mátti ekki una eftir þeim ströngu reglum sem hér réðu í siðferðilegum efnum og voru samofnar kristnum lífsviðhorfum. Dómurinn sem birtur var hér að ofan hefir verið sprottinn af vanda þeirra sem misstu maka sína í hendur Tyrkjum, og af sama vanda mun sprottið kónigsbréf sem lesið var upp á alþingi 1634 þar sem boðin er linun á straffi fyrir leg-orðssakir fyrir þá sem misstu maka á Tyrkjans vald, en engum sem hafði misstigið sig leyfðist að giftast aftur.³⁸ Andleg og veraldleg yfirvöld landsins voru í vafa um hvernig fara átti með mál af þessu tagi;

³⁷ AM 247 4to, bl. 72r. Ólafur Halldórsson benti mér á, að þessi dómur og nokkur önnur bréf í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar, kynnu að vera með hendi Sigurðar Jónssonar sem var fimm ár í þjónustu Gísla biskups Oddssonar, síðar sýslumaður og lögmáður, bjó lengstum í Einarsnesi. Sigurður Jónsson skrifar með eigin hendi undir bréf í AM 247 4to, bl. 91r (84r skv. nýrri blaðtölum) og sjást viss líkindi í stafagerð undirskriftarinnar og þessa bréfs og nokkurra annarra í bréfabókum Gísla biskups.

³⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 415–416.

hvort fara skyldi eftir kónigsbréfi þessu, Stóradómi eða hjónabandsreglunum frá 1587, sést það glöggt af bréfum Gísla Oddssonar biskups, til að mynda minnisgreinum hans frá 1631 þar sem segir m.a.:

Um þá sem eru í Vestmanna eyjum eða á lande hvorra make eða ecktapersona hafa vered hertekenn aff Tyrkjanum og menn vita eckj sónn tydende hvórt þeir sieu þar á lijffe edur ecke, hvórsu leinge þeir hliöta ögipter ad vera? Jtem þar sem soddan persönur finnaz brotlegar einu sinne edur optar ä medan hvort þær skule straffazt summo jure so sem fyrrer fullnadar hördöm lýka vppä lijfid, eff það skal gillda. Pui þar um þikiaz vorer yfervalldzmenn miög övisser, Enn þeir anndlegu kunna þar aungvu ódru til ad svara, helldr enn þui sem Ordinantian og Hiönabandz Articulaner uppä hliöda utann þar fäest önnur naadarleg dispensatio um aff voru ædsta yffervallde.³⁹

Gísli biskup skrifar Kláusi Eyjólfssyni, líklega 1633, og hefir Kláus þá líklega haldið Vestmannaeyjasýslu, en Kláus hefir áður spurt biskup hvort ákveðnar persónur megi binda hjónaband, en biskup segist sjálfur ekki vita hvort svo megi verða fyrr en mál þeirra sé innilega rannsökuð á báðar síður.⁴⁰ Árið 1633 höfðu Kláus og síra Ólafur Egilsson skrifað biskupi um þann vanda sem stóð til í Vestmannaeyjum vegna ektafólksins sem misst hafði „sijna stallbrædur fyrir Tyrkianna ärás, sierdeilis ä Eyölf Sölmundsson“ og hafa þeir spurt hvort þeir sem hafa misséð sig á umliðnum sjö árum að sumri og fengið kvittun skuli njóta „kongsens Articula frijheita“. Vísað er hér til ofangreindra ákvæða í hjónabandsreglum frá 1587, en svar biskups er í þá átt að einungis guðhræddar og ærlegar persónur og þeir sem minnst hafi brotið megi eiga von í vægð og náð.⁴¹

9. nóvember 1634 hefir biskup enn svarað Kláusi Eyjólfssyni um málefni Jóns Oddssonar og skrifar:

Ecke veyt eg huort þeir eiga jaffnrar nädar ad niöta til giptijnga sem

³⁹ AM 245 4to, bl. 186v.

⁴⁰ AM 246 4to, bl. 3r.

⁴¹ AM 246 4to, bl. 34r–v. Í bréfi til prestanna í Vestmanneyjum um veturinn 1634 minnir biskup þá á að gera mismun á milli hneykslenda safnaðarins og kristilegrar kirkju sem í hórdómi eða annarri lausung eru sakaðir og hinna „sem í ollum frijheitum kristninnar eru“ AM 247 4to, bl. 70v.

brotleger hafa orded sem hiner þeir sig hafa haldded ærlega og vel, effterdæmed er Jon Oddsson (umm huorn þier skriffed) ad jaffna saman vid Eyolff Sólmundsson eda fyrr skriffada Þorgierde þui honum Jone vyrdest til vorkunnar og stórnaudsynia hanns maleffne. Enn umm hina veyt eg ecke, þier lated mig vita huort suar þier faed aff umbodsmannenum med tydenne. Umm hage Eyolfs Sólmundssonar skyldest mier i sumar aff kongsbrefenu ad vægia munde meiga lyffenu i Guds trauste effter atuikum, þo vænte eg þar heyre til bestu manna räd. Vid Logmann heff eg þar um talad og hygg eg hann sie samrar meynijngar um þetta suo sem fleyre. Jeg heffe radlagdt fyrer laungu ad prestarner skyldu fyrerbioda slykum personum samvÿster i tijma.⁴²

Gísli biskup hefir skrifað Þorláki Skúlasyni Hólabiskupi 10. nóvember 1634, segist vera ónáðaður daglega af sumum þeim ektapersónum sem eftirlátnar voru um árið af Tyrkjanna ómildum yfiringangi og biður ráða um hvernig fara skuli með straff og vægð í þessu máli, og tiltekur fimm dæmi um hvernig málum sé komið:

1. Fyrst finnast þær persónur aff huorra maka engen veyt lyffz i Barbarienu og hafa haldded sier meinlaust og vel ad mannanna dome þennann tijma. Peim skilst mier heyra til än motmælis nadar Articule hionabandsens.
2. Adrir hafa i sama mata haldded sig vel enn þeirra make bevijst giptur fyrer laungu J Tyrkerienu og vona ei affturkomu þess vegna.
3. Maskie finnest þeir sem enn nu haffa haldded sig vel. Enn þeirra make lifer under Tyrkianna þrældome ogiptur. Hic prima oritur qvæstio.
4. Enn þeir sem brotleger eru fundner 1: 2 eda 3: a þessum tyma. Eiga þeir jafnrar nädar ad niöta. (Þo ecke vitest huort makenn lifi eda ecke) sem þeir fyrrskrifudu oseker?
5. Finnst sa sem brotlegur heffur orded fiorum sinnum a nefndum

⁴² AM 246 4to, bl. 87r. Þorgerður er óþekkt, en Eyjólfur Sólmundsson mun vera fyrri maður Guðríðar Símonardóttur er síðar átti síra Hallgrím Pétursson. Kláus hefir skrifað biskupi aftur um vonarhjonaband Jóns Oddssonar og biskup svarað 3. maí 1635 og segist ekki annað segja en hann hefir áður skrifað, AM 247 4to, bl. 66r-v.

tijma. Enn hefur nu feinged hugarlatlegt breff aff sinne ekta kuinnu. Jtem annar tuisuar brotlegur fundenn heffur og so breff feinged nøgu äminnelegt umm frelsunar vonena. Mun slijikum meiga leyffast hiona-banded?⁴³

Svar Þorláks er ekki varðveitt. Í öðru bréfi, líklega frá 1634, til síra Snæbjarnar Stefánssonar í Odda, prófasts í Rangárþingi, kemur fram að Gísli biskup hefir skrifað um málið umboðsmanni konungsvaldsins og lögmanni og biskupi og líka haft það á prestasamfund, en kennimönnum sýndist sitt hverjum; sumir vildu leyfa giftingu en aðeins með kóngsleyfi, aðrir vildu láta dæma málið til alþingis og enn aðrir vildu fara eftir Ordinanzíunni.⁴⁴

Gísli biskup skrifaði áminningarbréf til Vestmannaeyja 19. janúar 1635; án þess að nefna nöfn ráðleggur biskup í löngu máli og guðrækn-um anda með tilvísunum í Biblíuna þeim sem eiga maka í Tyrkjans valdi að girnast ekki annan ektaskap meðan ekki berist tíðindi af her-teknum maka í Tyrkjaráinu.⁴⁵ Í opnu bréfi sem Gísli biskup skrifaði til Vestmannaeyja 31. maí 1635 segir hann að ekki sé á sínu valdi að leysa þennan vanda, en leggja verði hann undir bestu manna ráð á alþingi. Biskup segir:

J fiorda mæta hefur eirnen fyrer mig komid ad nockrar personur huorra ecktamake hefur uered herleiddur aff tirkiumum nu fyrer viij ærum ad reikna uilie giptast aptur audrum persönum so sem uonar-lauser um hinna apturkomu og þar um hafa nockrer lætid leyta mijns samþyckis þa hina somu læt eg uita ad slijkt stendur ecke i mijnu uallde og þo eg mætte nætturlega uor=kynna þeim göðu og frömu sem J so længann tijma haffa halldid sig ærlega og uel og eg heffe þar um rædgast uid byskupinn fyrer nordan og bestu menn þessa lands þa synist flestum ad soddan tilfelle sie huorge eigenlega underskiled J uorre ordinantiu; articulum; eda statutum; (þo þar um meigi finnst J

⁴³ AM 246 4to, bl. 232v–233v. Hugarlátlega bréfið mun vera frá Guðríði Símónardóttur til manns hennar, Eyjólfis Sölmundssonar, sem varðveitt er úr í bréfabók Gísla biskups, AM 247 4to og prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 419–421.

⁴⁴ AM 246 4to, bl. 256r. Fyrri partur bréfsins er týndur úr bréfabókinni, en af registri sést hverjum bréfið er skrifað.

⁴⁵ AM 246 4to, bl. 282r–284r.

odrum gödum bókum) heildur að þetta sé nýtt og annarlegt efne og þurfe þess uegna nýja næð og ný úrræðe yferualldsens so sem eirnen er að merkia að þui kongliga may: næðar brieffe sem hijngad til landsins uar suo milldelega sendt J fyrra sumar og uier heyrum nu að fräsogn sannast mune J þuij að kristner herrar og pötentatar take sig saman i trauste drottens að möte tyrkiunum: það giefi gud til lucku:

Minnisstæð mættu oss ollum uera þau minnilegu ord sem standa i brieffum þeim sem komu úr tyrkerijinu J fyrra frá æstmonnum uorum og ofdauf er það hiarta sem ecke uiknar þar uid: einkum ef það snert-er nockud hans persönu slikt mætte uera að auk nöglegra guds orða uor dagleg uppuaknijng ef þeir minnst uor so nátturlega þar i þreijngijngunne þui skilddum uir þa ecke minnst þeirra hier J þessu litla og næduga frelsi; sem gud heffur oss miskunsamlega effterlætíð að meðan það uarer; Enn ef nockrer eru enn nu so öþolenmöðer J þessum uanda og ueijkleika að þeir gieta ecke fyrer utan hiönaband hneixlunar laust lifað samuiskunnar uegna þa ræðlegg eg þeim að supplicera þann Articula til alþijngis með fæstum ordum so að landíð eða bestu menn landsins innsetie þann Articula i landsens supplicatiu under landsens innsigle þeirra uegna so sem eirn þann sem ecke er minst naudsijnlegur. Sama álit er um þa sem þijkíast hafa spurt að sijner ecktamakar sieu alla reidu J gude sofnader: utann það sé með uissum brieffum og sonnum uitnisburdum beuijsað:

Enn þeir sem að þessum uandræða tijma haffa mikilega forsíð sig og brotleger orðed þrælega ueit eg ecke huort nockurn tijma uerða slikrar uægðar og næðar niötande eða ecke: uandi þike mier þeirra uegna að supplicera; gud gíefe oss ollum sijna næð og bestu ræð; þeir sem ecke betur kunna meiga draga ord og meijning sinnar supplicatiu af þessu ædur skrifudu ef þeir uilia þuij eg kann ecke liösara nie sannara um slikt efne að samsetia.⁴⁶

Árið eftir að þetta bréf var skrifað tóku yfirvöld Vestmannaeyja vitnisburði um hjónabandsmál Jóns Oddssonar og fara þeir hér á eftir allir í röð eftir bréfabók Gísla biskups Oddssonar í AM 244 4to á bl. 162r–163r.

⁴⁶ AM 247 4to, bl. 102v–103r. Á þessu bréfi er sama hönd og er á dóminum úr Vestmannaeyjum um hreppskil, sjá hér framar bls. 19 og athugasgrein nr. 37.

1. 18. júní 1636. Í Vestmannaeyjum.

Vitnisburður Halls Þorsteinssonar um að Anna Jasparsdóttir, sem var kona Jóns Oddssonar, er vistföst í Tyrkjarúnu og samþykkt og í félagskap við tyrkneskan heiðingja sem hún hefir alið börn við og er hennar ekki aftur von til Íslands.

Það kiennunst eg Hallur Þorsteinsson (nu kominn firer guds störu näd lijkn og þolinmæde vr minne EimdarReijsu og herleidingar veru vr tyrkia velldinu hingad J mitt Elskulega oc lofliga christna mödurland) ad fyrer grenslun spurn og efterleijtne Jöns Oddssonar vm sijna Quinnu Ønnu Jasparsdóttir huor herleidd var äsamnt audrum christnum uorum meðbræðrum ä því herleidingar ärinu :1627: huad eg framast vm hennar hag efne / veru edur aftur komu seigia kunne med sannendum og gödre samuitsku / og er eg J þann mäta það augliöst giorandi ad fyrrnefnd Anna Jasparsdóttir huor ed nefnd uar quinna Jons Oddssonar Er þar vistföst J tyrkjarijenu med fullkomnum samfielagskap uid eirn tyrkneskiann heidingia og honum samþykkt med sonnu hatre og ouilld uid þa christnu / so hennar er ei J neirn mäta aftur von hingad til landsins fyrer mijnum skylninge / því hün heffur alid born vid sama manne er hun vid helldur og hier er änefnður og er ad merkia og reina sem hans eigin kona sie: vissa eg til hennar seinast: 1632 / og villdi hün þa ei siä Jslandska kristna menn / þess helldur vmgeingne med þeim ad haffa : var þesse vitnisburður vtgiefin J vestmannaEyum þann : 18 : Junij : 1636 : hier hafa vnderskrifað

Ellendur Äsmundsson
med E: h:

Claus Eiolfsson
m: E h:

Amunde Thormödsson
med E: H:

2. [18. júní 1636. Í Vestmannaeyjum]

Þorsteinn Ormsson ber vitni um að vitnisburður Halls Þorsteinssonar sé réttur.

Med sama hætte ber Þorsteinn Ormsson vm veru og hättalag Aunnu Jasparsdóttir þar J tyrkjarijnu og visse hann til hennar fiogur Är ä medan hann var þar J sinne ütleijdar herleijdingu / ad það hafe ä þenn-

an hatt verid sem Hallur hefur vitnad hinu meiginn ä bladinu og er hier til vitnis þeir þjngmenn sem sijn nofn hier vnderskriffa :

Hier hafa vnderskriffad :

Oläfur Eigilsson

med E:H:

Ellendur Asmundsson

med Eigin hendi :

Cläus Eiolfsson

med Eigin hendi s

3. 20. júní 1636. Í Vestmannaeyjum.

Erlendur Ásmundsson vitnar að Anna Jasparsdóttir heldur við heiðingja sem hún hefir alið við börn og að sá maður hafi leyst Jaspar, föður Önnu, en Jaspar tekið heimanfylgju hennar af Jóni Oddssyni og að Anna gangi um í pelli og purpura og vilji ekki sjá kristna menn íslenska.

Það meðkiennist eg Ellendur Ásmundsson með þessare minne vnderskriffadre handskrifft eftir hreinne samuitsku minna oneiddra giedsmuna : (Asamt þeim sem somu giedlundar eru og einnrar meiningar til huorar þeir og eirnin med sinne vnderskriffadre handskrifft þat leggja er þeim hentast þyker) að eg veit ei betur enn Jön Oddsson J VestmannaEium huor suiptur var sinne kuinnu fyrer : 9 : ärum og nu fyrer nockru sogd þar lifa gipt einum tyrkneskium heidingia : sama är og hün þar kanskie med øllu leijte nadandis / til að byria sitt hiönaband / nu hier vid huoria Ærliga kuennpersönu sem hann þar vm tilleijtär / og honum þar J samþyckist fyrer vtan allar adrar hyndraner : hafandi fyrer mier vppa sagtt effne slijkar kryngumstædur og adhnygandi mälsstyrck : sem er J fyrstu : Ad sama quinna sem fyrr er vm gietid Anna Jasparsdötter keiptist sama ärs er hün J tyrkiarjed kom : sem fyrr er ährært / og helldur þar vid sama heidingia / og alid born vid honum : Leiste hann hennar fodur Jaspar þanninn og er Jaspar hier kom tök hann hennar heimanfylgiu af Jöne til vitnis vppa aungua von til hennar afturkomu : huar vppa hann hefur og vtgieffid sinn vitnisburd : sem hann hier þar vm liösast hermer.

Annad er það hun geingur þar framm J mesta meðlæte : klædd J pelle og gullegum purpura / Ei viliandi sia Jslenska kristna menn Enn sydur vid þä að tala : huar vppa að vppskrifader ero tueggia Ærligra manna vitnisburder sem halda að það sie eingin von til hennar apturkomu ; og visse annar til hennar : 4 : är / Enn annar leingur : Pridia er sä : 7 : ära frestur er bid sem Ordinantian til seyger med ødru sem hier að

hnygur : og vpa oll ädur sogd efne hef eg lofad ad vera J suare vid uortt göda yfervalld : þo Jön giptast vilie : so hann þar vti öhyndradur vera mætte : huoria eg nu þennan 20 Junij vtgefande er : 1636 : hier hefur vndirskriffad :

Ellendur Äsmundsson : med E h

4. [20. júní 1636]

Kláus Eyjólfsson lýsir því að Jón Oddsson sé í réttri náð til að gíftast.

Ekke helldur veit eg betur enn Jön Oddsson sie rett nädandis til ad gyptast efter allre Reinslu sem ad hans mälefne hnygur hier hefur vnderskriffad :

Cläus Eiölfsson :
med E hende s

Fólkið sem nefnt er í vitnisburðunum hér að framan kemur allt fram í safnritinu *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*. Erlendur Ásmundsson var hér fyrr nefndur til sögu. Ámundi Þormóðsson (d. 1675) var lögréttumaður í Rangárþingi, bjó í Skógum undir Eyjafjöllum.⁴⁷ Ólafur Egilsson (1564–1639) er presturinn á Ofanleiti og Reisubókarhöfundur.

Þorsteinn Ormsson og Hallur Þorsteinsson voru meðal hinna hersteknu sem komust aftur til föðurlandsins og báðir gáfu þeir til endurbyggingar Landakirkju.⁴⁸ Þorsteinn bar vitni um lát og greftran Vigfúsar Hannessonar, eins hinna herteknu.⁴⁹ Kona Vigfúsar var Sigríður Sigurðardóttir. Vitni um meinlauslega og ávítunarlauslega hegðan hennar, giftrar sem ógiftrar, báru prestarnir síra Ólafur Egilsson og Gísli Þorvarðsson 9. apríl 1635, líklega sökum þess að Sigríði hefir boðist annar maður.⁵⁰

Kláus Eyjólfsson (1584–1674) er lögréttumaðurinn sem skrifaði frásögn af Tyrkjaráninu og fyrr var getið. Hann var bróðursonur síra Ólafs Egilssonar og hefir líklega haldið Vestmannaeyjasýslu um og eftir Tyrkjaránið og jafnvel lengur.⁵¹ Kláus hefir tekið vitni í málum Björns

⁴⁷ Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*. Rvk. 1952–1955, 3–4.

⁴⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 401, 403, 405, 407.

⁴⁹ Sama rit, 418–419.

⁵⁰ Vitnisburðirnir eru í AM 247 4to, bl. 76v–77r.

⁵¹ *Sýslumannaæfir* IV, 527–528; Sigfús M. Johnsen. *Kláus Eyjólfsson*, Rvk. 1927; Einar Bjarnason. *Lögréttumannatal*, 353–354.

Þorsteinssonar og Guðrúnar Brandsdóttur, sem átt höfðu saman barn og vildu giftast, en maður Guðrúnar, Brandur Jónsson, hafði verið her-tekinn og látist í ánað. Um lát Brands bar vitni Jaspar Kristjánsson,⁵² faðir Önnu sem um getur í vitnisburðunum hér framar.

Jaspar var danskur maður en hafði mörg ár verið búsettur í Vestmannaeyjum áður en hann var hertekinn.⁵³ Hann kemur nokkrum sinnum við Reisubók síra Ólafs Egilssonar, en síra Ólafur og Jaspar voru keyptir af sama manni og deildu saman húsi og kjörum.⁵⁴ Í bréfi Jaspars til Gísla biskups Oddssonar 13. júní 1635 kemur fram að Jaspar keypti aftur sá maður er keypt hafði Önnu dóttur hans og gaf hann Jaspar lausan til þess að fara í næsta kaþólska land hvað hann og gerði og komst til Vestmannaeyja aftur og lagði sitt af mörkum til þess að Landakirkja mætti aftur upp rísa eftir Tyrkjabrunann.⁵⁵ Jón Jónsson úr Grindavík skrifaði foreldrum sínum úr Barbaríinu 1630 og kemur þar fram að Jaspar fór þaðan snögglega burt.⁵⁶ Anna, dóttir Jaspars, er ekki nefnd annarstaðar svo vitað sé en í fyrrnefndu bréfi föður hennar til Gísla biskups og í vitnisburðunum sem hér eru prentaðir. Systir Önnu, dóttir Jaspars, var Þóra, sem giftist Jóni Sturlusyni af ættbálki Odds biskups Einarssonar og bróðir þeirra systra var Kristján.⁵⁷

Jón Oddsson hefir verið einn ungra hraustra manna sem eftir sat rændur konu sinni, henni Önnu Jasparsdóttur og hafa vitnisburðirnir orðið til við að hann langaði til þess að kvænast aftur. Jón Oddsson kemur nokkrum sinnum fram í reikningabók Landakirkju, oftast sem gjafari til endurreisnar kirkjunni eftir Tyrkjabrunann.⁵⁸ Líklega hefir hann fengið að gifta sig aftur, því að á alþingi 1636 ályktaðist að dómur Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns í Vestmannaeyjum um sekt þeirra persóna sem brotlegar urðu í hórdómsluglæpum í Vestmannaeyjum og

⁵² *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 333–336.

⁵³ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 267. Jaspar hefir verið kominn til Vestmannaeyja 1606, því að Gísli Árnason tilnefndi Jaspar Kristjánsson tvívegis í dóm ásamt öðrum 21. maí 1606 í Vestmannaeyjum, sjá dómabók Gísla Árnasonar, AM 249 a II 4to, bl. 51v, 55r. Gísli Árnason hélt Rangárþing 1592–1608 og hefir þá líklega jafntímis haft sýsluvöld í Vestmannaeyjum, sjá *Sýslumannaæfir* IV, 456–463, 523–524; Guðrún Ása Grímsdóttir, Hugsáðu til mín um grös og sól. *Dagamunur gerður Árna Björnssyni*, Rvk. 1992, 55–59.

⁵⁴ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 105, 106, 108, 109, 158, 161, 163.

⁵⁵ Sama rit, 401–404, 407, 421–423.

⁵⁶ Sama rit, 374, 382.

⁵⁷ *Biskupa sögur* II. Kh. 1878, 673–674; *Skjöl um hylling Íslendinga 1649*. Rvk. 1914, 14.

⁵⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 398, 401, 403, 405, 408, 409; sbr. 556, nmgr. 1.

misst höfðu sínar ektapersónur í herleiðingu skyldi haldast í tveimur fyrstu greinunum, en í þriðju grein dómsins sem fjallar um hórdómsbrot þeirra sem eftir sátu í Eyjum, en áttu ektastallbræður sem sannspurt var að gengnir væru af trúnni eða giftir í herleiðingunni, var ákveðin linun á sektagjaldi og að því luktu hefir þessu fólki leyfst annað hjónaband.⁵⁹

En Gísli biskup notaði áfram minninguna um Tyrkjaránið sem hrís-vönd á þá sem féllu; í bréfi sem ber yfirskriftina „Til Vestmannaeyja enn einu sinni í Jesú nafni“ og skrifað er í Skálholti 16. október 1636 segir hann m.a.:

Heyre eg enn að þar sieu nockrar manneskiur: sem almügenn hneixlist æ: annað huort fyrer það þær gíefe tilefne til Jlls ordRöms og umlesturs: ellegar syne ecke æ sier tilheyrelegt Jdranar mercke þo brotlegar finnist: huad einn gud mæ næða; mun þeim þa ur minni fallinn sæ minnilege mannskade sem hefur skied fyrer nockrum ærum aff hrædelegum Tyrckianna umgænge: eða það merckelega manntiön sem nylegast er skied med skiptopum að auke annara dagligra ögnana aff ælffu guds Jfer vorum hofdum J kringum oss og under oss: Eg vil hier ecke tala um særa skielffing samviskunnar sem sumar manneskiur (mest frömar) fæ af Jmsum og alllitlum tileffnum: þar um eru efterdæmin liös bædi forn og ny: þar fyrer: ef sæ Riettlæti hialpast valla huad vill þa verda af þeim ögudlega?⁶⁰

IV. Um siði Tyrkja í íslenskum handritum

Í stöku íslenskum handritum frá seinni öldum eru þættir sem yfirleitt eru þýðingar eða útleggningar úr erlendum tungum og lýsa siðum og háttum ýmissa þjóða. Meðal slíkra þjóðalýsinga eru nokkrar gerðir af þáttum um Tyrki. Yfirleitt hafa kristnir lærdómsmenn borið Tyrkjum illa sögu í skrifum sínum og fordæmt trúarbrögð þeirra, en kristin siðmenning hefir varist íslamskri menningu og landvinningum múhameðs-trúarmanna allar götur frá því á 7. öld eftir Krist. Á miðöldum dæmdu

⁵⁹ *Alþingisbækur Íslands* V (1620–1639), 430–431; *Tyrkjaránið á Íslandi* 1627, 415–416.

⁶⁰ AM 244 4to, bl. 218. – Frá skipskaða í Vestmannaeyjum 1636 þegar fórust þrjú skip og á þeim 45 menn segir í Skarðsárannál, *Annálar 1400–1800* I. Rvk. 1922–1927, 245–246.

kristnar þjóðir múhameðstrú út frá þeim grundvallarsjónarmiðum að hún væri falstrú er spillti sannleikanum, væri trú ofbeldis og sverðsins og sjálfsþægingar, og Múhameð var af kristnum talinn antikristur. Gagnvert múhameðstrú álitu kristnir sína eigin trú hina sönnu trú sem höfðaði til skynsemi mannsins, trú friðar, fullnægju og hreinleika sem slökkti allan losta.⁶¹ Á tímum lúthersks rétttrúnaðar þrútnaði enn trú-arhatur kristinna manna í garð múhameðstrúarmanna sem litið var á sem heiðingja og erkióvini kristinnar og múhameðstrúarmönnum sem heyrðu undir Tyrkjaveldi var niðrað með því að kalla þá „hundtyrkja“. Glöggrynir fræðimenn hafa á síðustu tímum bent á að of mikið hefir verið gert úr hervirkjum múhameðstrúarmanna, t.d. á Miðjarðarhafssvæðinu, sem Tyrkjaránið á Íslandi 1627 var angi af, og benda enn fremur á að kristin menning hafi vanmetið áhrif úr heimi islamskrar menningar á Evrópu sem voru drjúg, til að mynda í framleiðslu iðnaðarvarnings, tækninýjunga, vísinda og heimspeki; minna má á að fjölmörg orð af arabískum uppruna um þessi efni hafa verið tekin upp í evrópsk mál og sum komin í íslensku eftir krókaleiðum tíma og rúms eins og aðmírall, algebra, alkóhól, blússa, gammosía, kaffi, kapall (þ.e. reipi), lúta (þ.e. strengjahljóðfæri), magasín, maski, satín.⁶²

Þrátt fyrir hnýfilyrði kristinna í garð múhameðstrúarmanna er óvíst að kristin alþýða manna hafi ávallt fylgt yfirvöldum og lærðra manna skrifum í Tyrkjahatri. Á erfiðum tímum á Íslandi hafa lærðir menn til að mynda óttast að bágstödd alþýða félli í þá freistni að láta hertaka sig uppá von og ævintýr til þess að fá að vera til friðs undan þyngslum og ánauðgun í sínu eigin föðurlandi. Þetta kemur fram í ályktun Brynjólfs biskups Sveinssonar og fjölmargra kennimanna á prestastefnu á Þingvöllum árið 1663 um það erindi Henrik Bjelke höfuðsmanns hvort landsmenn geti kostað varnarskip sem flakki kringum landið. Erindið var sprottið af þeim fregnum að Englendingar og Hollendingar höfðu gert sáttmála við Tyrkjann „að hann fyrir þeim fry og friálslega meige passera, huar af stór hættuvon sie þessu landi, huórt hann veyt varnarlaust vera. Meige þui alldrei vita nær hann falle hier vppa, og jafnvel

⁶¹ W. Montgomery Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*. Edinburgh 1972, 73–77.

⁶² F. Braudel. *The Mediterranean*, 886; Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*, 84–92; sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Rvk. 1989 á viðeigandi stöðum.

adrer ræningjar j hanns nafne, til að taka folk og fie og flitia vt til sölu j þrældóm j Tyrkery ...“ – Í ályktun sinni lögðu kennimennirnir áherslu á að landsmenn væru ekki færir um að kaupa né kosta varnarskipið, eignamenn hafi nóg með uppheldi sitt, kvenna sinna og barna, að kosta þau til skóla svo að ekki skuli „allt nidur j barbarisku detta“ en hvað viðvíkur alþýðu segir: „Enn vppa fátækann almvgu hōfum vier ei samvisku meire þyngsl að leggja enn a honum liggja, so honum ei leydest ofmiōg syn fátækt og anaudgun, og mætte falla j þá freystni að vera til frids að vera hertekenn, vppa von og æfinntyr, þui margt er hier vti að varast.“⁶³

Verður nú snúið að stöku ritum um Tyrki í íslenskum handritum.

Fyrst ber að nefna íslenska þýðingu á riti eftir Hans Hansen Skonning (eða Skaaning). Hann var uppi 1579–1651, prentari, rithöfundur og hringjari við dómkirkjuna í Árósum. Í riti þessu segir Skonning frá Tyrkjum og finnur þeim margt til lasts. Þýðandi er enn óþekktur, en þess ber að geta að í bókmenntasöguriti sínu, *Specimen Islandiæ non-barbaræ*, segir Jón Thorchillius skólameistari (d. 1759) í þætti um Odd Eiríksson á Fitjum (d. 1719): „Hvort hann þýddi á íslensku úr dönsku *Geographia Orientalis* eftir Hans Skaaning prentara í Árósum mundi ég varla þora að fullyrða neitt um, þó svo að ég hafi oft bæði séð og flett bók sem rituð er með hans hendi.“⁶⁴ Þessi þýðing er í eftirtöldum handritum: AM 243 8vo, Lbs. 43 4to, Lbs. 320 8vo, ÍB 776 8vo og Acc. 39, í því síðasttalda er einungis upphaf sem ég hefi ekki séð.

Í fyrirsögn er JS 43 4to sagt samantekið af Magnúsi Jónssyni í Vigur.⁶⁵ Handritið geymir margskyns sögur og er þátturinn um Tyrki á bl. 121r–150v. Fyrirsögn er: „Vmm Týrkiaríjed edur Týrkianna Truar-

⁶³ *Úr Bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar.* (Safn Fræðafélagsins XII.) Útg. Jón Helgason. Kh. 1942, 155–159. Bretar og Hollendingar gerðu um þetta leyti samninga við Alsír um frjálsari siglingar um höfin á báða bóga, á móti kom að fjölmargir breskir og hollenskir fangar voru leystir úr ánaud í Alsír, sjá Sir Godfrey Fisher. *Barbary Legend, Trade and Piracy in North Africa 1415–1830.* Oxford 1957, 232–248.

⁶⁴ Með góðfúsu leyfi er hér farið eftir þýðingu Sigurðar Péturssonar á *Specimen Islandiæ non-barbaræ*, eiginhandarriti höfundar í GKS 2872 4to, skrifað um 1750, sem Sigurður hefir þýtt og undirbúið til prentunar á vegum Árnastofnunar. Hannes Þorsteinson segir frá klausunni í inngangi fyrir annál Odds á Fitjum, sjá *Annálar 1400–1800* II. Rvk. 1927–1932, 4.

⁶⁵ Um handritið, sjá *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku.* Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Rvk. 1976, xxix–xxxiv.

brógd, Løgmäl og ýmeslegar undarligar og sierligar Ceremoniur, kyrkíuside og annad fleýra þess hættar.“ Í 43 vantar þrjú blöð úr þættinum. Undir lokin, á bl. 150v, má lesa að útlagt sé úr dönsku eftir riti Hans Hanssøn Skonning, *Geographia Historica Orientalis* (Aarhus 1641), og hefir Agnete Loth staðfest það og bent á að skrifari þessa hluta handritsins sé Magnús Ketilsson sem þjónaði Magnúsi í Vigur og skrifaði fyrir hann á árunum 1696–1700.⁶⁶

Í Lbs. 320 8vo er samtíningur og kvæði, þátturinn um Tyrki er á bl. 72r–90v og virðist textinn fyllri en er í 43. Fyrirsögn er: „Vmm Tirkianna lög Religionem og lands Sidu“. Í *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II er 320 talið með hendi Gríms Pálssonar á Sleggjulæk í Stafholtstungum, skrifað um 1790. Í *Tyrkjarárinu á Íslandi 1627* prentaði Jón Porkelsson bút úr þessum þætti eftir Lbs. 320 8vo.⁶⁷

ÍB 776 8vo er talið í *Skrám Landsbókasafnsins* III skrifað um 1740–50, og er í því samtíningur en vantar framan og aftan af. Fremst er þýðingin á riti Skonning um Tyrki og vantar fyrirsögn og framan á fyrsta kafla.

AM 243 8vo virðist skrifað seinast á 17. öld eða snemma á 18. öld. Þýðingin eftir riti Skonning um Tyrki er þar á bl. 1r–40v, fyrirsögn fyrsta kapitula er: „Umm Tyrkiana og þeirra Truarbrogd“. Við lauslegan samanburð kom í ljós að þýðingin í 243 er nokkru orðfleiri en í 320 og heldur heilar málsgreinar sem ekki eru þar.⁶⁸

Ritkorn um Tyrki, annarrar gerðar en nú var frá sagt, er í AM 555 b 4to, sem var hluti af bók er síra Jón Torfason á Breiðabólstað léði Árna Magnússyni, en Árni spretti bókinni sundur, og er nú sumt týnt úr henni, en annað í Árnasafni sitt með hverju marki og hefir Stefán

⁶⁶ Agnete Loth. Om håndskrifter fra Vigur i Magnús Jónssons tid. *Opuscula* Vol. III (Bibliotheca Arnemagnæana Vol XXIX), Kh. 1967, 95–99; Agnete Loth. Magnús Ketilsson og håndskriftet JS 43 4°. *Opuscula* Vol. IV. (Bibliotheca Arnemagnæana Vol. XXX). Kh. 1970, 257–258; Mariane Overgaard. AM 124 8vo: En islandsk schwank–samling. *Opuscula* Vol. VII (Bibliotheca Arnemagnæana Vol. XXXIV), Kh. 1979, 288–289 og tilvísanir þar.

⁶⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, XXIII–XXVI.

⁶⁸ Í þessu efni var ekki gerður nema lítilsháttar samanburður á texta handritanna fjögurra innbyrðis, og texti þeirra ekki borinn saman við hið prentaða rit sem þýðingin mun gerð eftir. – Mariane Overgaard mag. art. á Árnasafni í Kaupmannahöfn þakka ég fyrir útvegum eftirmynda úr AM 243 8vo og af AM 555 b 4to.

Karlsson sýnt að allt það, utan ritkornið um Tyrki í 555 b, er skrifað af Halldóri Guðmundssyni, hinum sama og skrifaði lungann úr Sth. papp. 25 8vo og minnisgrein er prentuð úr hér framar.⁶⁹ 555 b er skrifað æfðri hendi, víst á seinni hluta 17. aldar, og er ritkornið þýðing á einhverri sögulegri samantekt sem rekur í tímaröð atburði og stjórnarár soldána Tyrkjaveldis og vitnar til annálabóka Tyrkja og skrifa nafngreindra fræðimanna, t.d. Strabo (bl. 4v), Christianus Masseus (bl. 7r) og Paulus Jonius (bl. 7r, 9r). Ekki hafði ég uppá fyrirmynd ritsins, þótti enda eftir lítilli visku að slægjast. Fyrirsögn á bl. 1r er: „Wm Saracenos og Tyrkia sem æ worum Dogum bua til Jherusalem so wm þeirra Tru stuttliga“. Segir þar frá upphafi Serkja úr grýttri Arabíu, afkomendum Ísmaels, sonar Abrahams og Agar þjónustustúlku Söru, og reynt er að skýra uppruna þjóðarheitisins „saracenos“ (serkir). Neðar á bl. 1r hefst kafli undir fyrirsögninni: „Wm þann boluada willumann oc gudlastara Mahomet Tyrkia propheta“, og nær út á bl. 4v. Segir þar með fúkyrðum af uppruna, uppvexti og ævistarfi og ævilokum Múhameðs spámanns og af inntaki Kórans. Á bl. 4v hefst nýr kapítuli með fyrirsögninni: „Nafna Tala Tyrkia keisara þangat Til Reisubookinn war skrieffut oc samsett“. Hér er ljóslega vísað til Reisubókar síra Ólafs Egilssonar en í kaflanum er rakið með hrakyrðum atferli Tyrkjasoldána frá Osman I (d. 1326), en frásögnin endar í miðjum klíðum um 1535 á bl. 10v um landvinninga Súlemans I (1520–66); hefði líklega átt eftir fyrirsögninni að enda á stjórnarárum Murads IV (1623–40).

Priðja gerð lýsingar á Tyrkjum er þáttur í AM 124 8vo bl. 26r–31r um siði þeirra og venjur varðandi hjúskap, máltíðir, trú, dómsrétt og hegningu. Sami þáttur er í AM 583 c 4to á bl. 8v–11r, líklega yngri uppskrift sem síðar verður á vikið. Þátturinn í 124 er óskyldur Tyrkjalýsingum í tveimur ofanefndum gerðum og frábrugðinn þeim að því leyti að sagt er frá Tyrkjum á hlutlagari hátt, án fordóma og stundum líkt og af reynslu, þátturinn vitnar því líklega um hvað Íslendingar gátu gert ráð fyrir að tæki við hjá þeim löndum sínum sem lifðu af og staðfestust í Tyrkjaveldi eftir 1627.

Í 124 er margbrotið efni sem Mariane Overgaard hefir gert skil í

⁶⁹ Stefán Karlsson. Halldór Guðmundsson, *Opuscula* IV, 83–87; *Guðmundar sögur biskups* I (Editiones Arnarnagæanæ Series B, vol. 6). Stefán Karlsson bjó til prentunar. Kh. 1983, XV–XVI.

merkri grein.⁷⁰ Hún sýnir fram á að skrifari handritsins er Grímur Bergsveinsson (f. um 1597, d. 1669) prestur í Görðum á Akranesi, og bendir á að handritið hafi orðið til á tímabilinu 1635–1669.⁷¹ Mariane Overgaard fann danskar heimildir fyrir nokkrum sögum í 124, en ekki þó fyrirmynd þáttarins um siði Tyrkja.⁷² Fyrri hluti þess tíma sem hún ætlar að 124 hafi orðið til á er sú hin sama tíð og flestar ritaðar heimildir um Tyrkjaránið á Íslandi urðu til á. Efni þáttarins er trúlega að einhverju fengið úr erlendu landlýsingariti,⁷³ en ekki er þó útilokað að eitthvað efni í þættinum af Tyrkjum í 124 sé dregið úr íslenskum frásögnum og að hann eigi því heima meðal íslenskra heimilda er snerta Tyrkjaránið 1627. Skál nú vikið að þessu nánar.

Í næstsíðasta kaþítula Tyrkjaránssögu segir Björn á Skarðsá að hver sem vill heyra af Tyrkjum „um þeirra fatnað, hegðan, athafnir, siði, trúarbrögð, kirkjugaungu, dómahátt, kvonbænir, brullaupshátt og annað fleira“ megi skoða bæklinga „síra Ólafs og Einars.“⁷⁴ Í lok kaþítul-

⁷⁰ Mariane Overgaard. AM 124 8vo: En islandsk schwank-samling. *Opuscula* Vol. VII (Bibliotheca Arnarnagnæana Vol. XXXIV), Kh. 1979, 268–317.

⁷¹ Ívitnuð ritgerð, 268–269. – Þess má geta að Grímur Bergsveinsson er sjöundi í röðinni af sautján kennimönnum, næstur á eftir síra Hallgrími Péturssyni, meðal kennimannanna sem ályktuðu með Brynjólfi biskupi Sveinssyni á prestastefnu á alþingi 1663 um skip landinu til varnar gegn Tyrkjum og getið var hér frammar, s. 30.

⁷² Ívitnuð ritgerð, 288. – Overgaard tekur fram að rannsókn sín nái ekki út fyrir prentaðar danskar bækur og sé því ekki tæmandi, s.r., 283.

⁷³ Fjölmörg merkileg landfræðirit og ferðasögur eru til útgefin og í handritum frá 17. öld sem fjalla um Tyrkjaveldi og eru sum fróðlega búin samtímamyndum. Fyrir góðfúst liðsinni Háskólabókasafns (millisafnalán) fékk ég léð örfá slík til landsins til þess að leita fyrirmynda Tyrkjaþáttanna. Benda má hér á að í riti Sir Godfrey Fisher: *Barbary Legend. War, Trade and Piracy in North Africa 1415–1830*. Oxford 1957, er vönduð rita-skrá og sagt ögn frá inntaki sumra ritanna sem þar eru talin, ennfremur er yfirlit um áþekk rit í bók Harold Bowen: *British Contributions to Turkish Studies*. London 1945, sjá ennfremur ritaskrá í riti Halil Inalcik: *The Ottoman Empire*. London 1973. Fróðlegar myndir sem Vera Zimányi valdi margar úr handritum er lýsa síðum og venjum í Tyrkjaveldi á fyrri öldum og voru sumar áður óbirtar eru prentaðar í: Klára Hegyi. *The Ottoman Empire in Europe*. Budapest 1986. Af einstökum gömlum ritum má nefna hér til dæmis: Diego Haëdo. *Topographia e Historia General de Argel*. Valladolid 1612; *Hans Dernschwam's Tagebuch einer Reise nach Konstantinopel und Kleinasien (1553–1555)*, ed. F. Babinger, München 1923; M. Merian. *Neuwe Archontologia cosmica...* Frankfurt a.M. 1638; E.W. Happel. *Thesaurus exoticorum oder... Beschreibung von Turkey*. Hamburg 1688.

⁷⁴ Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 294–295.

ans tekur Björn upp atriði um landsins gæði úr Reisubók síra Ólafs Egilssonar,⁷⁵ en vandi er að sjá hvort annað efni í þessum kapitula Tyrkjaránssögu muni vera úr hinu glataða riti Einars Loptssonar. Efnisupptalning Björns kemur að nokkru heim við þáttinn um siði Tyrkja í AM 124 8vo, en engar orðalagslíkingar er að sjá með Tyrkjaránssögu og þættinum.

Minnast má þess að í fyrrnefndu bréfi Jóns Jónssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík óskar hann mörgu nafngreindu fólki allrar góðrar lukku og fararheilla og þar á meðal „síra Grími“ sem Jón Þorkelsson taldi líklega vera Grím Bergsveinsson.⁷⁶ Jón frá Járngerðarstöðum kom ekki aftur, en Helgi bróðir hans sem einnig var hertekinn kom aftur og ennfremur Halldór, móðurbróðir þeirra.⁷⁷ Í bréfinu segir Jón meðal annars að húsbændur þeirra bræðra hafi batnað við þá „síðan við lærðum málið að skilja.“⁷⁸ Sumt í þættinum í 124 bendir til þess að hann sé saminn eftir orðum þess sem þekkti siði og mál Tyrkja af eigin raun og enda segir í lokaorðum þáttarins „hér með endast siðvenja þeirra Tyrkjanna svo mikið sem eg hefi heyrt og lesið.“ Eftir þessum orðum hefir þátturinn verið saminn eftir sögnum og riti.⁷⁹ Ekki er loku fyrir það skotið að hann eigi að einhverju upptök í týndu riti Einars Loptssonar og má hér nefna eitt atriði sem kynni að benda til Einars, það er setningin „Sá sem ei hlýðir yfirvaldinu missir nasirnar“ (sjá hér á eftir, s. 41) en í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá segir frá raunum sem Einar lenti í þegar hann fylgdi ekki boði yfirvalda um vatnssókn í brunn; fyrir það missti hann framan af nefi og eyrum.⁸⁰ Frásagnir Halldórs Jónssonar hertekna úr Grindavík, sem Björn á Skarðsá vísar til, eru óþekktar, en eftir kveðjunum sem Jón Jónsson, systursonur Halldórs, sendi heim í bréfi sínu kann síra Grímur Bergsveinsson að hafa verið meðal kunningja Halldórs. Heimkomnir úr Barbarínu gætu þeir frændur, Helgi og Halldór, hafa sagt eða skrifað Grími sitthvað um siðvenjur og mál þarlandra, en vitaskuld koma fleiri sögumenn til greina;

⁷⁵ Sama rit, 296; *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*, 74.

⁷⁶ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 383, 545; sbr. *Reisubók*, 164.

⁷⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 232–233, 294.

⁷⁸ Sama rit, 373.

⁷⁹ Mariane Overgaard telur að 124 sé ekki uppskrift þeirra heimilda sem að baki efninu liggja, heldur hafi síra Grímur valið einstakar sögur úr ýmsum heimildum, skrifað þær upp, þýtt þær eða endurgert, tilv. ritgerð, 269, 310.

⁸⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 279–280.

í næsta nágrenni við síra Grím í Görðum var Guðríður Símonardóttir, prestskonan í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, hún sem var tæpan áratug í ánaud í Tyrkjaveldi.

Sem fyrr segir er þátturinn í 124 einnig í AM 583 c 4to. Fyrirsögn þar er: „DE ÆCONOMICIS. Vm Buandi folk og þeirra Sidueniu J Tirkia-rykinu“. Í fyrri hluta 583 c er Rauðúlfs þáttur, sem lokið er við að skrifa 7. desember 1662 eftir því sem stendur bl. 8r, og má gera ráð fyrir að síðari hlutinn sé skrifaður um líkt leyti.⁸¹ Ein hönd, smáger og fínleg, virðist á öllu handritinu. Á neðra helming bl. 8r er ýmislegt skrifað, m.a. virðist Eyjólfur Hallgrímsson skrifa sjálfur nafn sitt og Ólafur Jónsson skrifar með eigin hendi að Eyjólfur Hallgrímsson eigi kverið til áhalds og þakkar bókarlánið með þessum orðum: „Pundur Gullz Eg þacka þier med þyðlegt Gied bokar laned og blijdu med – Inveni portum spes et fortuna valetio nihil (?orðið er torlesið í hdr.) mihi vobiscum“. Mariane Overgaard gat þess til í fyrrnefndri ritgerð að Eyjólfur sem hér er nefndur gæti verið sonur Guðríðar og Hallgríms skáldprests í Saurbæ. Á bl. 8r má ennfremur lesa nafnið Guðni Hróbjartsson sem líklega hefir verið sonur Hróbjarts Jónssonar ábúanda á Kalastöðum 1703, og neðst á bl. 14v er meðal annarra nafna skrifað Sæmundur Narfason sem gæti átt við Sæmund Narfason sem var búandi á Neðra-Hálsi í Kjós 1703.⁸² Hallfríður, dóttir síra Gríms Berg-

⁸¹ Sbr. orð Mariane Overgaard í ofanefndri ritgerð: „583c, der er skrevet 1662, kan meget vel være en afskrift af 124, der sikkert er ældre“, 289. Hún bendir einnig á að handritin séu líklega úr sama héraði. Ótvírætt er þó ekki að 583 c fari beint eftir 124. Í flestum tilvikum þar sem er munur á lesháttum hefir 583 c færri orð, en í örfáum tilvikum hefir 583 c orð framyfir 124 sem sjá má í lesbrigðum hér á eftir. – Í 583 c stendur um þann sem ekki hlýðir yfirvaldinu að hann missi nasirnar og sín eyru og kemur sú lýsing heim við meðferðina á Einari Loptssyni sem fyrr er getið og frá segir í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá (sjá hér að ofan). 124 nefnir hinsvegar aðeins nasamissi. Hugsanlegt er því að 124 og 583 c séu sjálfstæðar uppskriftir eftir sama forriti, en hitt þó eins víst að 583 c sé skrifað eftir 124 og skrifari 583 c hafi bætt við eyrnamissi eftir Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá, sem aftur notaði frásögn Einars Loptssonar.

⁸² *Mannatal á Íslandi árið 1703*. Rvk 1924–47, 41, 44. – Á bl. 14v er bókin lofuð fyrir fróðleik og lesa má nöfnin Vigdís Er., Guðmundur, Bjarni Ólafsson, Bjarni Guðm[unds]son, Ólafur. Dregin er lína þversum yfir síðuna þar sem meginmál endar og skrifað neðan línu óæfðri hendi: „Sogubok Jons Halldorssonar hvoria hann hefer feijngid af (?) Sigvrð S“ og neðst á síðuna með sömu hendi: „Sögvpattvr af Þorsteini Vxaftot“. Sá þáttur er ekki í þessu handriti, en í AM 583 d 4to eru tveir þættir: bl. 1–8 Orms þáttur Stórolfssonar, skrifaður eftir því sem segir bl. 8v 4. desember 1662 og bl. 9–17r er Þorsteins þáttur uxafóts skrifaður með skyndi á Þúfu í Kjós 1663 ný ár(sdag) eftir því sem

sveinssonar í Görðum, var gift Jóni, syni Guðmundar Narfasonar á Hálsi í Kjós, og Þóra, systir Jóns, var gift Eyjólf, syni Guðríðar og séra Hallgríms í Saurbæ, en Eyjólfur bjó á Ferstiklu. Sæmundur Narfason var bróðursonur Jóns og Þóru.⁸³ Ekki hefir verið löng leið að fara með ritverk milli skyldmenna og granna af Akranesi um Hvalfjarðarströnd og ofaní Kjós.

Pátturinn um siði Tyrkja er prentaður hér eftir 124. Athugasemda-laust er leyst upp úr böndum sem öll sýnast auðskilin. Tekið skal fram að skrifað er „þeyr“ fullum stöfum sjö sinnum og „þeyrra“ tvívegis og er þeirri stafsetningu haldið hér þegar leyst er úr böndum. Sýnt er neð-anmáls hverju helst munar í orðum á milli 124 og 583 en ekki hirt um mun í stafsetningu.

V. *Úr AM 124 8vo*

De *Æconomicis*: – Umm Buande fólk og þeyrra sidveniu j TyrkiaRijkenu: –

Þetta er Sidvenia þeyrra j Slävonía, þeyr hallda meir af hiönabandz-lifnadenum, og þeim sem hann hallda,⁸⁴ enn þeim sem eru fyrer vtann hann, og bua sig með það fyrsta til þess, og láta kennemenn sam-teyngia sig við 'sitt' konuefne j kyrkiunne: Þegar kuinnur gypttast þar, þá fylger þeym eingenn heimannfylgia, með þui madurenn hann⁸⁵

segir bl. 17r. Pátturinn af Ormi er ótvírætt með sömu hendi og AM 583 c 4to en varla er sama hönd á Þorsteins þætti uxafóts, en pátturinn virðist skrifaður í fjórum atrennum og skiptir um blek í hvert sinn. Á ytri spássíu á bl. 3v í 583 d stendur „Jon Halldorsson a kverid“ en ekki er það sama hönd og skrifar um Jón á bl. 14v í 583 c, en líklegast er þó að 583 c og 583 d hafi upphaflega tilheyrt sömu bók. Neðst á bl. 17r og á 17v í 583 d er ýmislegt skrifað og kemur þar fram að Bergsveinn Sölmundsson léði öðrum bókina, Bergsveinn var hreppstjóri og bjó á Hrafnkelstöðum í Garði árið 1703, sjá *Manntal á Íslandi*, 6.

⁸³ *Sýslumannæfir*, IV 43–44; Jón Samsonarson. *Æviágrip Hallgríms Péturssonar eftir Jón Halldórsson. Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar*. Rvk. 1971, 79, 88.

⁸⁴ og þeim – hallda] + 583.

⁸⁵ hann] + 583.

verdur ad kaupa þær af þeyrra forelldrú: – Brudernar leida þeyr j kyrkiu med vndarlegum hliöðum og häreyste og⁸⁶ hröpe, og allz kynz hliödfæra saunglyst: – Slykt hid sama giöra þeyr nær Brudernar eru vtleyddar j hionabandz veytzlunne⁸⁷ (vijslunne) gänga hellst fyrer ad prijda þær, fycktarar: – giöglarar: – missijningamenn, og adrer þui-lijker: – þeyr gypptast so mörgum Eigennkuinnum, sem þeyr geta forsorgad, enn þä þeyr huxa eptter fleyrum og fleyrum, þä leggja þeyr litla Rækt vid hinar fyrre: – og verda so sialfar konurnar optt ösambyckar sýn ä mille: – huar af eptter fylger ötelianlega margur hiöna-skylnadur: – Su sem frä sijnum manne er skylenn og yfergefenn, hun gengur j krýng hijngad og þängad, prijdd sijnum Buninge og skartte: – og fylger henne eptter hennar ambätt til þess ad einhuor tekur hana apttur sier til eckta: – Þær öhljädugu konur slä þeyr og beria, hardlega, ädur enn skylnadurenn verdur: – Sierhuor kona föstrar sitt eigned Barn, til þess þui er komit j skola: – Marger af þeim þeckia ecke sijnar mædur, med þui mædurnar vtskufast optt: – þä þeyr eiga adra þungada: – Börnenn kalla hynar kuinnur þeyrra fedra: Beymutter: – huad ey er annad enn Stiupmöder, enn hinar⁸⁸ sýnar eigenn mædur kalla þeyr mædur: – Eptter sýna jatning ä þeyrra helgedögum giöra þeyr sig glada og lystuga, enn ä ödrum dögum giöra þeyr sig so druckna, ad þeyr geta ecke funded sitt hus opttsinnis: – þeyr eta ey vtann suartta braud, enn sier til heilsu vardveytingar, drecka þeyr suartt vathn, huortt þeyr kalla Chaube: – Suartt ad lit, enn þö ad smack best⁸⁹: – Ädur enn þeyr eta riette, edur annann mat þä taka þeyr sier fyrst nockud af ävexte jardar og eyka: – Bord, becker, og skarer, hafa þeyr ecke: – helldur hafa þeyr j stadenn þess, skinn og ledur j hardara læge: – og breyda þad vnder sig, þar fyrer er og j þeyrra giesta herberge ecke vtann kolberer vegger og gölfed: – þegar þeyr sitia nu so ä gölfenu: – med vtbreyddum skinn-um, þä suelgia þeyr og gleypa strax matenn og druckenn,⁹⁰ ad ädur giördre stuttre bæn og läta ecke til sýn heyra eytt ord: – med þui lækn-ararner hallda þad hættusamt ad svpa edur bläsa ä matenn: – Matenn

⁸⁶ häreyste og] + 583.

⁸⁷ veytzlunne] + 583.

⁸⁸ hinar] + 583.

⁸⁹ ad smack best] smack bestann 583.

⁹⁰ mat og drick 583.

bera þeyr ad munne sier med berum hǫndum: – enn bruka ecke hnyf: – Kockurenn tæter so j sundur kiøted, og giører þad smætt enn bakar-
 enn brauded, so þad verdur med fjingrum vpp j sig læted: – Þeyrra
 braud er miøg sætt, þui þeyr yfer drijfa fræed med jlmande sæde, huad
 þeyr kalla suffen, og senda þad so til bakarans: – Eige bruka þeyr meir
 enn tuo riette j eynu: – Ad endudum skattenum, middagzbordunenne,
 og kuølldmältijdenne (þui þeyr borda þrisuar ä dege⁹¹.) fer huor strax
 til sinna verka ad lidenne⁹² þackargiørdenne, enn eptter kuølldmäl-
 tijdena, ef þar er ecke strax komenn bænatijmenn, þä hrista þeyr sig,
 og gamna sier med hugliufum og gamansø mum samrædum: – þar til
 þeyr eru kallader med þessu hliøde: – meizeni: – til næturbæna, enn ad
 þeim endudum fara þeyr til sængur: – Þeyr hafa ønguar dunsængur,
 helldur er þeyrra rum af ledre, med þyckuø klæde, þui so sem þeyr ad
 endudu bordhallde taka vpp sitt bord og becke, og heyngia þad ä
 nagla, sem faster ero j veggnum, so fara þeyr med legurum sitt, þä þeyr
 fara ä fætur ä morgna: – Þeyr hallda sig frä suijnakiøte, frä fyskäte, frä
 baunum, erttum og ødru soddann, enn hunäng, lauka og annann
 steyktann mat bruka þeyr tijdast, þö mest steykt kiøt: – J stadenn
 vñsensz bruka þeyr annad huortt eynsamallt vatned, so sem þad er
 aused til vr brunnenum, eda þeyr kridda þad med sierlegum grøsum og
 læknismedølum: – Þeyr vtelyckia þessa frä synum kyrkium: – Konurn-
 ar so sem adra öumskorna, christna menn, þui þeyr eru öumskorner,
 og trua ä þann krossfesta Gud, og eru þö gudlästarar, eptter þeyrra
 döme og tru: – Þar med druckna menn, þui þeyr eru og sieu daufer og
 hyndrader ad frammflytia audmiukt bæna äkall: – Hördömzmenn og
 frillulijfismenn: – manndräpara þui þeyr sieu Bøluader: – þeyr kalla ad
 hljida predykunenne, med þui orde, Mezin: – og þad ä diebus jumari,
 edur ä Säbätzdøgunum, huor ed suarar vorum føstudege, og þä prijda
 þeyr sig med sñn bestu klæde og skartt: – A adfängadegenum edur
 sabäthzvykunne, þad er ä fymtudøgunum kueykia þeyr lios, ad
 kuøllde, og läta þad loga vt alla nöttana, til þess þau annad huortt
 slockna vt af, eda messann er vte ad morgne: – þegar þeyr eru j kyrk-
 iunne syngia þeyr eyrn edur tuo capitula vr Alcorano: – Predykarenn
 gengur framm⁹³ þar næst, vpp j predykunarstölenn, huor ad er vjldur,

⁹¹ dag 583.

⁹² lesenni 583.

⁹³ framm] + 583.

og víjdsyntt af: – J annare hende þa⁹⁴ helldur hann ä Zymetram: – þad er ä suerde kongsenz edur Tyrkians: – enn j annare hende helldur hann⁹⁵ ä þeyrr böc, sem kallast ä þeyrra tungu: – Menorj: – Eptter þad les hann eyinn capitula, vr Alcoranö: – (Alcoran er ein böc, sem er Tyrkianna truarbrögd: –) ad honum endudum, veyfar hann⁹⁶ suerdenu, og hann⁹⁷ seiger, þetta eru ord Machomets og Gudz vors, huor ed med suerde eiga ad forsuarast, og vtbreydast: – vm predykun leyfest engu-um ad hösta, hrækia edur sofa: – þui þad hæfer ey ad giöra j helgum stad: – Telasinus: – Erkediaknenn bender til med hendenne, ad eyinn og sierhuor auglýse og legge framm fyrer gud med bæna äkalle synar hörmungar: – þar næst buckta þeyr sig vppj hrijfu, og beria ä briosted, og falla äframm, lokzens kalla þeyr vpp þrisuar og segia: Säbäläna: – þad er, Gudz myskun sie med oss: – Sydann kallar presturenn vpp, med þessu orde⁹⁸: – Morzin, þad er, vte er messann: – Pä eptter vana gengur huor og eyinn til middeigis mältijdar: – Enn ad henne endadre, þä til sinnar vinnu og kallanar: – Vmm sölarlaged läta þeyr nockud eptter sier, med dryck, og ødru, framm til midrar nætur, – þeyr hallda tuær störhätijder, eyina sem þeyr kalla, Alaba tyram: – þad eru fyrre päskar, huoria þeyr hallda j þriä daga samfleytta til minningar og vyrdingar gude skapara og ä þeim byria þeyr sitt nýa Ar: – Adra kalla þeyr chaccibatýram: – þad eru seyrne päskar, huoria þeyr hallda til vyrdingar og heydurz j þriä daga Machömeth: – Ä þeim tyma ydka þeyr gud-rækelegar ferder huoriar þeyr kalla Allage: – fara þä og ferdast med mykillre prosessiu til grafar synz pröpheta: – Mechæ: – vppä þad þeyr fae og medtake af hönnum sinna synda fyrergefning: – Enn þar ad auke kunna þeyr og hallda, ad alleinasta sie þad tuentt, sem til säluhialparennar sie naudsynlegt: fyrst truenn ä gud og Machemeth: – annad ad þeyr true þui øllu stadfastlega sem skrifad er j Alcorano og Alforco: – þridia gödverkenn, jtem, Ad syndernar kunne apttur til nädar ad takast ef þeyr ecke framm j sydenne forhardna: – til Constantinopolis og Nicæa hafa þeyr sýn Accademia edur häfasköla: – huorn ed Chorchinist stiftade: – Anno Christi 1330: – og þar læra þeyr vr Aristotuli og

⁹⁴ þa] + 583.

⁹⁵ helldur hann] + 583.

⁹⁶ + og sueipir 583.

⁹⁷ hann] + 583.

⁹⁸ med þessu orde] þetta ord 583.

Plätone ríkkisstíornarlyst, enn þö eynkum og sierdeylis strýðzlyst, þui þeyr eru daglega hafder eptter máltíjd vmm miðiann dag j þann stad, sem allra handa konster⁹⁹ eru framdar, eynkum ad skiota af fallbyssum: – þeyr hafa og annann stad, ecke lángt frá þessum, huorn þeyr kalla löngiedum: – þar reyna þeyr sig ad fyckta til samanz með spíötum og vopnum, enn þeyr sem ecke eru færer til þeirrar strýðzkunstar, þeyr ero kallader til böklegra lysta.

De politicis: – Vmm veralldlega valldstíörn: –

Þö ad þad tyrkneska valld og yferräð, mege maklega helldur kallast týranna skapur og hardyðge, helldur enn stíörn – með þui Machemet seigest¹⁰⁰ ad vera sendur af gude, eige með orde edur iardteyknum, so sem Chrístr: – helldur með suerde, so sem Dävið, ad vmmsnua þíodunum: – þö er hiä þeim nockur mynd og tegund riettrar stíörn¹⁰¹: – Chadilegcher heyter nockur ypparlegur madur, og vel forstandugur sem frammfylgia ä veralldegum riette: – og eru þeyr þrýr, sä fyrste er j Natotia: – Annar j Evröpa: – þídie j Ægyptalande – næst þessum eru j borgum Sangiaci og Cadim: – huorier ad opttlega forsia sig j sínu embætte, og eru þui tíjdum af setter: – Pegar eynhuor klagar sitt mäl, og þad er níðurþríckt, þä appellerar hann sýnu mäle til Sangiacum, og þadann til Bassas: – og allra seinast til sialfz Soldanz: – huor ed almenneliga þýngar fíörum sinnum ä äre: – Hiä rädhussenz turne er fängelsid huor ed innann er gíortt með smä rumum, sosem fuglahreídrum, og sierhuor fängare lätenn j huortt rum, j huorre mídre ad stendur einn stolpe, holur innann, j honum eru marger hanar, til ad grafa sierhuorium fänga¹⁰² vathn j hæfelegann tíjma, j þennann turn eru äklagader innsetter, þar til þeyr eptter mälavexte¹⁰³ straffast: – þetta er þeyrra atferd ad straffa: – Fyrst er þad j lög teked ad giallda lyku lýkt: – gudlastarenn er brendur: – Letingenn tyrkneskur er strýktur: – enn chrístenn madurenn vtlægur gíördur: – Sä sem yfervalldenu gíører nockud til myska og bríjtur víð þad, er dreigenn j Asnatagle, vmm allann stadenn: – Sä sem ey hlíjder yfervalldenu mísser nasernar¹⁰⁴: – Þeyr sem bera falskann

⁹⁹ stríðskunstir 583.

¹⁰⁰ sagdest 583.

¹⁰¹ stíornunar 583.

¹⁰² fangara 583.

¹⁰³ malauoxtum 583.

¹⁰⁴ + og sinn eiru 583.

vitnisburd, eru smánarlega¹⁰⁵ leydder vmm krijng j borgena, og eru markader med heytu jarne, j enned og ä höndena: – manndräparenn er hálshøgguenn, dryckiurutarenn er sleigenn 80: – høg: – Jomfrukreynkiarenn er settur ä eynn asna med sinne vnnøstu, og so smánarlega leidd j kryngumm borgena, og sem hann hefur fenged henne hennar tilgiðf, er hann sleigenn þarofan ä hundrad høg: – hördömsmadurenn er sleigenn: 100: – høg: – enn hörkonann þä hun er dæmd af fiðgra kuenna vitnisburde, ä ad blifja heyma j sýnu hvse, þar til hun deyr: – Sä sem lijgur ä syna eigenkonu, er annad huortt sleigenn 80 – høg: – eda fæda 40: – þurfamenn: – Sä sem ad er nockrum skyldugur, og getur ecki borgad, hann¹⁰⁶ er settur j fängelse, þar til eythuoitt medal fæst ad leysa hann: – þiðfar og ræningiar eru heyngder: – Sä sem hefur ränga vog eda mælekerølld, ä eptter mälavøxtum ad straffast: – þeyr halda giestaherberge, og läta hijsa þä sem vmmferdast og vijsa þeim sinn veg frá einu herberge til annarz: – Enn lijtest þeim vel ä giestena og hafe þeyr nögan pening, þä drepa þeyr þä ä vegenum og taka giallded: – Eyngenn þið er so gíafmílld sem þeyr, þarmed og vyrðingagiørn vid þä sem fræger eru af sijnum manndömværkum: – Tyrkianner eru so talhljðner og illkuitter ad þeyr liä eyru sijñ huorium rögrberurum og trua honum: – Ef þeyr verda rijker, og fá nädugann dauddaga huad sialldann ber til, þä fá Børnenn og þeyrra eigennkuinnur ecke par af þeyrra götze, helldur tekur það soldän alltsamann, og skiptter þui ä medal födurleysingia, eptter þui sem sä hinn daude var j gunst vid hann: – Arenu skiptta þeyr j tolf mänude, þeyr byriast þä tungl kueykest, enn endast þä tungled endar, og heyta þeyr so ä þeyrra tungu: – 1. Mecheren: – það er Iänuarius: – 2. Sepher: – það er Februarius: – 3. Rebucl evel: – það er Martius: – 4. Rebucl achir: – það er Aprilis: – 5. Zumasiel evel: – það er Majus: – 6. Zumasiel achir: – það er Iunius: – 7. Rezeb: – það er Iulius: – 8. Schavan: – það er Augustus: – 9. Rämaseñ: – það er September: – 10. Scäaval: – það er October: – 11. Ciclade: – það er November: – 12. Silchize: – það er December: – Tungled og stiørnurnar vyrda þeyr meir og tilbidia helldur enn sölena, þessvegna ad þeyr eru veykare og verr til passa ä dagenn þä sölenn skyn, helldur enn ä næturnar þä tungled lýser: – Þeyrra Äratála er med tuenttslag: – 1. Heginos: – þä þeyr telia frá fæding

¹⁰⁵ smánarligana 583.

¹⁰⁶ hann] + 583.

Machometz: – Annad kalla þeyr Mächometicos: – þá þeyr telia frá hanz vppstigning til hymna: – j huorre vyku hafa þeyr sið daga, so sem vier, og heyta þeyr suo ä þeyrra tungu: – 1. Bäsar jum það er sunnudagur: – 2. Basar ertisi: – það er mánudagur: – 3. salle: – það er þridiudagur: – 4. sarschamtia: það er midkudagur: – 5. vescebma: – það er fymtudagur: – 6. Junar: – það er föstudagur: – huorn þeyr hallda helgann: – 7. suma ertis: – það er laugardagur: – Og hier med endast sidvenia þeyrra tyrkianna, so mijked sem eg hefe heyrtt og lesed¹⁰⁷:

VI. Lokaorð

Í upphafi greinar er stuttlega vikið að víðfeðmi og skipulagi Tyrkjaveldis á 17. öld og skýrt lítillega frá Tyrkjaráninu á Íslandi 1627 og prentuðum heimildum um það. Í óprentuðum bréfabókum Gísla Oddssonar Skálholtsbiskups (d. 1638) eru varðveitt allmörg bréf um vandræði þeirra í Vestmannaeyjum sem eftir ránið sátu sviptir maka en vildu fjölga sér og urðu því að giftast á nýjaleik. Drepið er á hið helsta í þessum bréfum og birtar glefsur úr þeim og prentaðir vitnisburðir um afdrif hertekinnar konu, Önnu Jasparsdóttur.

Minnt er á fordóma sem um aldir hafa einkennt skrif kristinna lærðómsmanna um múhamedstrú og siði Tyrkja og fram koma í íslenskum handritum. Bent er á dæmi frá 1663 úr bréfabók Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups um að kennimenn óttuðust að alþýðu dreymdi ævintýri sem biðu þeirra manna sem lentu í ánaud hjá Tyrkjum og vísar það dæmi ef til vill til þess að alþýðumenn hafi ekki blindandi samsinnt yfirboðurum sínum og lærðum mönnum sem af kappi predikuðu Tyrkjahatur¹⁰⁸ til varnar sinni kristnu trú. Ljóst má greina þessa óvild í þýðingu á riti eftir Hans Hansen Skonning sem til er í íslenskum handritum og í ritkorninu í AM 555 b 4to sem mun þýðing á eldra erlendu lærðómsriti. Frásagnir þeirra herteknu sem komu aftur úr hinni þriflegu Alsírborg og þekktu sætabrauð hennar og steikur, gjafmildi Tyrkja og gamansamar samræður þeirra, gætu hafa kynt undir drauma íslenskrar alþýðu um ævintýri í Afríku. Birt er eftir AM 124 8vo lýsing

¹⁰⁷ og hier med endast – lesed] og hiermed endast tijrkiana siduenia 583.

¹⁰⁸ Tyrkjaránið á Íslandi 1627, XI-XXII.

á siðum Tyrkja þar sem örlar á jákvæðu viðhorfi til þeirra og gæti eitt-hvað í henni verið runnið frá frásögnum Íslendinga sem kynnst höfðu þegnum Tyrkjaveldis af eigin raun.

Fróðlegt, en torvelt, væri að kanna hvort gætt hafi áhrifa dvalar hinna herteknu, sem komu aftur, á íslenskt þjóðlíf, til að mynda í klæðaburði, mataræði, orðfæri, sagnaskemmtan eða kaupskap, en islömsk trúarbrögð eru öðru fremur trúarbrögð kaupmanna, en ekki hirðingja eða bænda.¹⁰⁹ Fjöldi uppskrifta Reisubókar síra Ólafs Egilssonar¹¹⁰ sýnir að hún hefir verið vinsælt lesefni, en drjúgur hluti hennar er lýsing á því sem bar fyrir augu prestsins á ferðalagi frá Alsír til Íslands. Kannski er vísbending um nýkomna borgaralega siði í Vestmannaeyjum það sem Gísli biskup Oddsson segir í bréfi til Kláusar Eyjólfsssonar 9. nóvember 1634 um eyðslusemi hjónanna í Ofanleiti, síra Gísla Þorvarðssonar og Þorgerðar, dóttur síra Ólafs Egilssonar:

Um slijka Aureigd og eydslu hiönanna a Offanleite sem þier mier skriffed heff Jeg ecke fyrr heyrðt og þar heff eg einginn Rad vid nie veit nockurt platz annarstadar honum til þarffa og kannskie það sie sumra meijning ad einginn skyllda stande til ad forsorga þa annarstadar sem med onaudsynlegum klædaburde eda audrum oþarfendum eyda so einrrar kirkiu penijngum ...¹¹¹

¹⁰⁹ Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*, 15.

¹¹⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 91–92, 135–137, handritin eru einnig talin í óprentaðri prófritgerð Svavars Sigmundssonar sem hann góðfúslega léði mér.

¹¹¹ AM 246 4to, bl. 87v.

EFTIRSKRIFT

Pegar þessi grein var fullgerð í próförk sumarið 1995 birtist gein eftir Þorstein Helgason: Hverjir voru Tyrkjaránsmenn? í *Sögu* 1995, bls. 111–134. Þorsteinn kemur að sumum sömu efnum og drepíð er á í fyrsta hluta þessarar greinar. Hann telur að ránsmenn hafi verið „Evrópumenn“ og „líklegast einhverjir Tyrkir“ og nefnir fjölmörg gagnleg rit sem varpað geta ljósi á hið margþætta rannsóknarefni, Tyrkjaránið á Íslandi 1627.

SUMMARY

The unpublished letter-books of Gísli Oddsson, Bishop of Skálholt (d. 1638) contain many letters about cases involving people in the Westman Islands whose spouses were seized by the Algerian pirates who raided the coastal regions of Iceland in 1627. The main matter arising in these letters is whether or not it was permissible for such individuals to re-marry. The article presents evidence about the fate of Anna Jasparsdóttir who had a husband and children in Algiers, whilst her former spouse, Jón Oddsson, remained in the Westman Islands and was looking for a new wife. The article also prints a section from AM 124 8vo which was written at some point during the period 1635–1669, and which gives quite a positive account of the customs and practices of the Turks; other Icelandic manuscripts contain rather more negative accounts. The article draws attention to the prejudice of clerical authorities and scholars against believers in the Islamic faith, and cites an instance from 1663, in the letter-books of Bishop Brynjólfur Sveinsson from Skálholt, which seems to show that the hard-pressed common folk did not always follow blindly the attitudes of their superiors.